# FRÉTTABLAÐIÐ

171. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 21. JÚLÍ 2016




**Skrúbbað í sólinni** Vatnsberinn, stytta Ásmundar Jónssonar sem stendur á horni Bankastrætis og Lækjargötu, var hreinsaður í gær. Höggmyndin hafði áður fasta búsetu við Veðurstofu Íslands og hafði staðið þar frá árinu 1967 þar til hún var flutt á núverandi heimili árið 2011. Ásmundur lauk við gerð Vatnsberans árið 1937 og er hann eitt þekktasta verk hans. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Nærri nítíu vilja á þing fyrir Píratana

**Píratar hafa ákveðið að halda sameiginlegt prófkjör fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Þriðjungur þeirra sem hafa þegar gefið kost á sér í prófkjörinu eru konur. Nærri nítíu manns hafa gefið kost á sér og framkvæmdastjóri hreyfingarinnar telur að það geti enn bæst í.**

**STJÓRNMÁL** Næstum nítíu manns hafa gefið kost á sér í prófkjör Pírata á höfuðborgarsvæðinu sem fer fram í ágúst. Framboðsfrestur rennur út 1. ágúst og kosning stendur til 12. ágúst.

„Þetta er fólk úr öllum stéttum samfélagsins. Um þriðjungur eru konur,“ segir Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Pírata. Í hópi þeirra sem hafi gefið kost á sér séu nemar, læknir og lögfræðingar. „Það er ennþá vika til stefnu þannig að ég gæti alveg trúað því að það ætti eftir að bætast í hópinn,“ segir Sigríður Bylgja.

Píratar samþykktu að halda sameiginlegt prófkjör fyrir höfuðborgarkjördæmin, Reykjavík suður, Reykjavík norður og Suðvesturkjördæmi. Viðhafður yrði svokallaður dreifilisti. Hann virkar þannig að sá sem nær fyrsta sætinu í prófkjörinu getur valið sér í hverju af kjördæmunum þremur hann býður sig fram. Sá sem er í öðru sæti velur á milli þeirra tveggja sem eftir standa og sá sem er í þriðja sæti endar svo í fyrsta sæti á lista þess kjördæmis sem eftir stendur.

Fyrstu þrjú sætin í prófkjörinu gefa því öll fyrsta sætið hvert í sínu kjördæmi. Fjórða til sjötta sæti gefa svo annað sætið.

Það kemur Sigríði Bylgju ekki á óvart hve margir hafa gefið kost á sér í prófkjörinu. Margir taki þátt í grasrótarstarfinu og flokkurinn hafi notið fylgis í skoðanakönnunum. – jhh / sjá síðu 8

## Tyrkir lýsa yfir neyðarástandi

**TYRKLAND** Þriggja mánaða neyðarástandi var lýst yfir í Tyrklandi í gærkvöld. Níutíu og níu herforingjar hafa verið ákærðir fyrir aðild að valdaránstilrauninni um helgina.

Hreinsanir Erdogans forseta beinast einkum að Gülen-hreyfingunni og eru orðnar svo viðamiklar að annað eins þekkist vart.

Meira en 50 þúsund manns hafa verið handteknir eða reknir, menntafólki hefur verið bannað að fara úr landi og nú síðast hefur aðgangi að Facebook verið lokað. – gb / sjá síðu 10



Recep Tayyip Erdogan Tyrklandsforseti

## Fréttablaðið í dag




**LÍFIÐ** Glowie gefur út tónlistarmyndband við lagið No lie. Í haust ætlar Glowie að kynna afrakstur erfiðisins í Bandaríkjunum í von um að koma sér á framfæri þar. 42

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason ber saman Ísland og Írland eftir hrun. 17

**SPORT** Fer Birgir Leifur í sögubækurnar? 22

**MENNING** Tónlistin mun óma á Reykholtshátíð í Borgarfirði alla helgina. 28

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Austan og norðaustan 3-10 m/s. Víða dálítil rigning, en dregur úr úrkomu suðaustan- og austanlands þegar kemur fram á daginn. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast í innsveitum. SJÁ SÍÐU 26




Druslugangan. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Druslurnar vilja efla fornvarnir

**SAMFÉLAG** Koma þarf á markvissri forvarnarfræðslu á öllum skólastigum til að koma í veg fyrir kynferðisafbrot, segir í ákalli til yfirvalda frá forsvarsmönnum Druslugöngunnar sem gengin verður í sjötta sinn í Reykjavík og í Vestmannaeyjum á laugardag.

„Ef uppræta á kynferðisofbeldi verður að horfa á rót vandans og sjá til þess að enginn einstaklingur alist upp í íslensku samfélagi án þess að skilja hvað kynferðisofbeldi er og hvenær hann sjálfur er að beita því,“ segir í ákallinu. – **ih**

## Stokkið út í



Kampakátir skátar skemmtu sér feikivel á Úlfljótsvatni í gær á landsmóti sem fer þar nú fram. Skátar á aldrinum tíu til 22 ára koma saman sem þátttakendur og er þema mótsins í ár „Leiðangurinn mikli“. Landsmót er haldið annað hvert ár. Mótið stendur fram á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eitt glas á viku í lagi fyrir fóstur

**HEILBRIGÐISMÁL** Ein af hverjum tíu barnshafandi konum drekkur áfengi á meðgöngutímanum.

Þetta sýnir ný sænsk rannsókn sem greint er frá í norska blaðinu Aftenposten. Fram kemur að frjálslegasta viðhorfið í þessum efnum sé meðal vel menntaðra kvenna undir þrítugu. Haft er eftir sænskum prófessor að tilmæli yfirvalda um algjört vínbindindi hafi valdið óþarfa áhyggjum.

„Margar konur í Svíþjóð eru dauðhræddar vegna þess að þær hafa drukkið í upphafi meðgöngunnar. Það tel ég vera alvarlega aukaverkun af þessum ráðleggingum,“ segir Agnes Wold, prófessor og yfirlæknir.

Wold telur það mistök hjá yfirvöldum að upplýsa ekki um að þau hafi ekki grundvöll til að halda því fram að fóstur bíði skaða ef móðirin drekki eitt eða tvö vínglös á viku. – **gar**

# Klerkar gegn Pokémonum

**SÁDI-ARABÍA** Eitt helsta klerkaráð Sádi-Arabíu endurvakti í gær fimmtán ára gamla trúarreglu sem bannar allt sem tengist Pokémon. Er það gert sökum gríðarlegra vinsælda farsímaleiksins Pokémon Go þar sem helsta markmiðið er að leita að Pokémonum á götum úti.

Þrátt fyrir að leikurinn hafi enn ekki verið gefinn út í Sádi-Arabíu hafa fjölmargir landsmenn sótt sér hann eftir krókaleiðum.

Reglan var upphaflega sett vegna þess að Pokémon-safnkortaspilið þótti minna um of á fjárhættuspil. Þá var það einnig talið notast við tákn frímúrara. Spilið var sagt gera hugmyndum Charles Darwin um þróunarkenninguna hátt undir höfði en Pokémonar eru furðuverur sem þróast eftir því sem þær styrkjast.

Þrír Sádi-Arabar voru handteknir á götum úti í gær fyrir að spila leikinn. – **þea**




# Hækkuðu verð í 10-11 á kvöldin og um helgar

**Vöruverð í þremur verslunum 10-11 í miðbæ Reykjavíkur er hærra um kvöld og helgar en annars. Aukaálagningin er sögð vera að meðaltali átta prósent. Varaformaður Neytendasamtakanna segir 10-11 koma óorði á íslenska verslun.**

**VIÐSKIPTI** Þrjár verslanir 10-11 hafa hækkað verð á vörum sínum eftir klukkan átta á kvöldin á virkum dögum og um helgar. Rafrænar verðmerkingar í hillum verslananna breytast á hverjum tíma.

Verslanirnar sem um ræðir eru í Austurstræti, á Laugavegi og á Barónsstíg. Verð var hækkað í tveimur síðarnefndu um miðjan júní en í Austurstræti áttu breytingarnar sér stað í lok árs 2014.

Þetta staðfestir Árni Pétur Jónsson, forstjóri 10-11, en hann segir aukið álag og hækkun rekstrarkostnaðar verslana í miðbænum vera ástæðu hækkunarinnar.

Umrædd hækkun er að meðaltali átta prósent og var byrjað með að hækka aðeins verð á gosi, sælgæti og tóbaki. Í dag er álagið sett á töluvert fleiri vörur, meðal annars mjólkurvörur, heilsuvörur, niðursuðuvörur, bökunarvörur, barnamat, morgunmat, kaffi, pasta, orkudrykki og ávaxtasafa.

Árni segir að það séu ekki áform um að taka kerfið upp í fleiri verslunum eða setja álag á fleiri vöruflokka.

Teitur Atlason, varaformaður Neytendasamtakanna, segir breytingarnar glataðar.

„Í fyrsta lagi finnst mér kurteisi að tilkynna svona breytingar. Það er hins vegar frjáls álagning í landinu og þeir neitendur sem kjósa að versla við okurbúllur versla bara við þær,“ segir Teitur og bætir við að Íslendingar ráði hvar þeir versli.

Búðirnar sem um er að ræða eru allar í miðbæ Reykjavíkur og versla ferðamenn því eðlilega mikið við þær.

„Svona háttalag mun eyðileggja orðspor Íslands sem ferðamannalands og mun þetta bíta okkur í bakið. Við eigum að vera góðir og sanngjarnir gestgjafar. Það er sorglegt að 10-11 sé einhvern veginn að taka af okkur orðsporið og koma óorði á íslenska verslun og það góða starf sem unnið hefur verið,“ segir Teitur, sem kveður verslunareigendur eiga að standa saman í að koma góðu orðspori á verslun í landinu. **nadine@frettabladid.is**




**Verslanir 10-11 sem hafa hækkað verð á kvöldin og um helgar eru í Austurstræti, á Laugavegi og á Barónsstíg.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Við eigum að vera góðir og sanngjarnir gestgjafar.
>
> Teitur Atlason varaformaður Neytendasamtakanna



# CITROËN C1 ELSKAR ÍSLENSKAR SUMARNÆTUR

CITROËN




## LÁGT VERÐ



5 DYRA FRÁ EINUNGIS **1.859.000** KR.
Veglegur staðalbúnaður: LED ljós í framstuðara, spólvörn, stöðugleikastýring, loftkæling, brekkuaðstoð sem heldur við þegar tekið er af stað í halla og margt fleira.

## SÍTENGDUR



FLOTTUR 7″ SNERTISKJÁR
Innanrýmið er sérstaklega notendavænt með ýmsum snjöllum lausnum. Í Feel og Shine útfærslunum er glæsilegur 7″ snertiskjár með Bluetooth tengingu.

## SPARNEYTINN



LÁGUR REKSTRARKOSTNAÐUR
Sparneytnar og áreiðanlegar bensínvélar sem skila í senn snörpum og þægilegum akstri. C1 fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mín. í senn.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Opið á laugardögum frá og með 6. ágúst
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Þingmaður vill að almannaréttur til að njóta náttúrunnar sé virtur

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, segir alla nýtingu á náttúru landsins í atvinnurekstrarlegu tilliti þurfa að vera innan hófsemismarka. Þá þurfi einnig að virða almannarétt til náttúru.

Vísar Ögmundur þar til leigu fyrirtækisins Raufarhóls hf. á Raufarhólshelli sem Fréttablaðið greindi frá í gær. Fyrirtækið hyggst byggja upp aðstöðu og rukka inn í hellinn.

„Mér finnst um tvenns konar prinsipp að ræða sem þarf að hyggja að í þessu sambandi,“ segir Ögmundur og útskýrir:

„Annars vegar þá grundvallarafstöðu að enginn eigi að vera þess umkominn að selja aðgang að náttúruperlum og meina fólki að sama skapi aðgang að þeim nema fyrir gjald. Hitt grundvallarprinsippið er að mínu mati að atvinnustarfsemi í tengslum við ferðamennsku á að geta gefið eitthvað af sér. Því hef ég alla tíð verið fylgjandi.“

Ögmundur spyr sig hins vegar hvert þróunin leiði.

„Á að fara að loka öllum hellum landsins og selja að þeim aðgang undir því yfirskyni að þeir séu okkur svo varasamir, eða að hægt sé að gera þá eftirsóknarverðari?“ spyr hann.

Þá segir Ögmundur nauðsynlegt að ræða þessi mál eftir næstu alþingiskosningar því núverandi stjórnvöld sýni fyrst og fremst áhuga á að styrkja einkaeignarrétt.

„Það hefur verið þyngra en tárum taki að horfa upp á þjónustulund stjórnvalda við einkaaðila sem vilja hagnast á náttúruperlum sem engin manneskja ætti að geta gert tilkall til að einoka í eigin þágu. Það er dapurlegt að búa við ríkisstjórn sem ekki er reiðubúin að þjóna almannahag.“ **– þea**

**Á að fara að loka öllum hellum landsins og selja að þeim aðgang?**

Ögmundur Jónasson, alþingismaður VG





**Hvalaverndunarsamtökin vilja að hvalveiðar verði bannaðar í Faxaflóa.**

## Friði hval fyrir veiði í Faxaflóa

**SJÁVARÚTVEGUR** Hvalaskoðunarsamtök Íslands skora á sjávarútvegsráðherra að loka Faxaflóa fyrir frekari veiðum á hrefnu. Í tilkynningu frá samtökunum kemur fram að þegar hafi 34 hrefnur verið veiddar í og við Faxaflóa á yfirstandandi vertíð. Það sé fimm fleiri en í heild í fyrra.

Hvalaskoðunarsamtökin segja að hrefnum í flóanum fækki jafnt og þétt. „Fyrir liggur krafa Hvalaskoðunarsamtaka Íslands og Samtaka ferðaþjónustunnar, studd af öllum flokkum í borgarstjórn Reykjavíkur, um að Faxaflóinn verði gerður að griðasvæði hvala. Hvalaskoðun er stærsta afþreyingargrein ferðaþjónustunnar í Reykjavík og því er hér mikið í húfi.“ **– ih**

## Erlendir túristar bókhneigðir

**FERÐAMENN** Fjórar af söluhæstu bókum Eymundsson síðustu viku eru á ensku og hugsaðar fyrir ferðamenn. Þessi þróun hefur verið ríkjandi í sumar.

Söluhæstu bækurnar á ensku voru Sjálfstætt fólk, ljósmyndabókin Niceland, Sagas of the Icelanders, og Iceland Small World. Á metsölulista Eymundsson síðustu tvo mánuði hefur nánast í hverri viku að minnsta kosti ein og allt að fimm af tíu mest seldu bókunum verið á ensku og sérstaklega ætlaðar ferðamönnum.

Á bóksölulista Félags íslenskra bókaútgefenda fyrir júní voru þrjár af sextán mest seldu bókunum á ensku og ætlaðar ferðamönnum. **– sg**

# Telur tennishöll náttúruspjöll

**Bæjarfulltrúi úr meirihlutanum í Kópavogi segir þrengt að náttúruperlu með fyrirhugaðri viðbyggingu Tennishallarinnar í Kópavogsdal. Framkvæmdastjóri Tennishallarinnar segir það ekki standast. Fyrst og fremst eigi að byggja á malarplani. Meirihluti bæjarstjórnar klofnaði þegar málið var samþykkt á fundi.**

**SKIPULAGSMÁL** „Mér finnst þetta ekki fara vel í dalnum. Núna langar fjöldann allan að byggja í dalnum. Það er erindi um skautahöll, það var einu sinni íþróttahús, íbúðabyggingar, skotsvæði og fleira,“ segir Sverrir Óskarsson, bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar í Kópavogi, um fyrirhugaða viðbyggingu við Tennishöllina.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti breytingu að deiliskipulagi fyrir viðbygginguna á síðasta fundi sínum.

Sverrir segist vera því mótfallinn að byggja í Kópavogsdalnum, bærinn eigi aðrar lóðir sem starfsemin geti farið undir, til dæmis í efri byggðum bæjarins.

„Kópavogsdalurinn er bara náttúruperla sem við eigum að láta óáreitta,“ segir Sverrir.

Jónas Páll Björnsson, framkvæmdastjóri Tennishallarinnar, tekur ekki undir að verið sé að spilla náttúruperlu þar sem viðbyggingin eigi fyrst og fremst að rísa þar sem nú sé malarbílastæði austan megin við Tennishöllina.

„Það hefur stundum verið talað um grænt svæði en þetta er fyrst og fremst svart svæði. Mér finnst að ef verið er að tala um grænt svæði þurfi það að vera grænt,“ segir Jónas.

„Þetta svæði er ekki fallegt og þetta snýst í raun og veru um það að nýta þetta svæði frekar undir íþróttastarfsemi og uppbyggilega starfsemi eins og við erum með og ýta bílunum frekar upp og út úr dalnum,“ segir Jónas.

Að sögn Jónasar hefði stækkun Tennishallarinnar miklar breytingar í för með sér fyrir tennisiðkendur hér á landi. Ekki sé hægt að spila tennis nema lítinn hluta ársins utandyra og nú séu aðeins þrír innivellir á landinu.

„Það má bera þetta saman við að það væru bara þrjú borðtennisborð á landinu,“ útskýrir Jónas.



**Sverrir Óskarsson, bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar í Kópavogi, þar sem umdeilt tennishús á að rísa.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Þetta svæði er ekki fallegt.**

Jónas Páll Björnsson, framkvæmdastjóri Tennishallarinnar

Til stendur að byggja tvo innivelli í fullri stærð og tvo minni velli. Jónas vonast til að framkvæmdir geti hafist næsta vor fáist öll leyfi.

Sverrir telur fyrirhugaða stækkun einnig stangast á við skipulagslög þar sem viðbyggingin hafni að hluta inni á svæði sem flokkað sé opið svæði í aðalskipulagi.

Sverrir lagði til að fengið yrði álit Skipulagsstofnunar áður en farið yrði með málið lengra. Meirihluti bæjarstjórnar féllst ekki á þá tillögu og afgreiddi málið með sex atkvæðum gegn fimm en meirihlutinn í málinu klofnaði.

Þrír bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks greiddu atkvæði með deiliskipulagsbreytingunni og tveir á móti.

Theódóra S. Þorsteinsdóttir, hinn bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar sem er formaður bæjarráðs og skipulagsnefndar, greiddi atkvæði með tillögunni.

„Það voru engin rök sem komu fram í þessu máli sem að mínu mati voru það sterk að banna ætti stækkun upp á einhverja tvo velli,“ segir Theódóra. **ingvar@frettabladid.is**








**Myndin var tekin í hnattreisunni en þarna er skútan á Indlandshafi.** MYND/SARAH BARTHELET

# Koma heim eftir átján mánuði á skútu

**SAMFÉLAG** Seglskútan Hugur, fyrsta íslenska skútan sem hefur siglt umhverfis hnöttinn, mun koma til hafnar í Reykjavík í kvöld. Skútunni stýra hjónin Kristófer Oliversson og Svanfríður Jónsdóttir sem fóru í hnattsiglinguna í tilefni af sextugsafmæli sínu og 40 ára brúðkaupsafmæli, en hjónin hafa ferðast á skútunni síðan í nóvember 2014. Móttaka þeim til heiðurs verður haldin í húsnæði Siglingafélags Reykjavíkur í kvöld.

Hnattsiglingin var keppni á vegum World Cruising Club og tók 15 mánuði. Síðast tóku þau þátt í ARC plus sem tók þrjá mánuði. Undanfarið hafa þau svo siglt með þremur öðrum skútum frá Halifax til Grænlands og nú Íslands.

Ekki náðist í hjónin við vinnslu fréttarinnar en Anna Ólöf Kristófersdóttir, dóttir þeirra, segist gríðarlega stolt af foreldrum sínum.

„Ég hef sjálf unnið mikið við siglingar og þekki því til og veit að innan siglingasamfélagsins er þetta talið mikið afrek. Ég er rosalega spennt að fá þau heim,“ segir Anna og bætir við að það hafi gengið á ýmsu þessa 18 mánuði.

„Það hefur lekið hjá þeim, vélin hefur bilað, það hefur orðið rafmagnslaust og það hefur kviknað í,“ segir Anna sem fór í heimsókn til foreldra sinna um páskana og skemmti sér konunglega. **– ngy**

# BERÐU ÞIG VEL
## TÖSKUDAGAR HJÁ OKKUR!

**25%**
**vildarafsláttur af völdum skólatöskum**



**Skólataska PULSE**
**VILDARVERÐ: 5.999.-**
Verð: 7.999.-




**Skólataska PULSE**
**VILDARVERÐ: 7.424.-**
Verð: 9.899.-



**Skólataska JEVA - Hjarta- & blómaskraut**
**VILDARVERÐ: 14.999.-**
Verð: 19.999.-




**Skólataska JEVA - Kappakstur**
**VILDARVERÐ: 14.999.-**
Verð: 19.999.-




**Skólataska JEVA - Fótbolti**
**VILDARVERÐ: 14.999.-**
Verð: 19.999.-




**Skólataska PULSE**
**VILDARVERÐ: 9.749.-**
Verð: 12.999.-




**Skólataska JEVA - Kisa**
**VILDARVERÐ: 14.999.-**
Verð: 19.999.-




**Skólataska PULSE**
**VILDARVERÐ: 9.749.-**
Verð: 12.999.-

# RÉTTA TASKAN

**IÐJUÞJÁLFAR AÐSTOÐA viðskiptavini okkar að finna bestu töskuna fyrir bakið í völdum verslunum okkar í júlí:**

- **Smáralind**
  21./24./28./30. júlí kl: 15:00-17:00
- **Akranes**
  22. júlí kl: 15:00-17:00
- **Hallarmúli**
  22. júlí kl: 15:00-17:00
- **Hafnarfjörður**
  23. júlí kl: 13:30 - 15:30
- **Kringlan**
  23./29./30. júlí kl: 15:00-17:00
- **Reykjanesbær**
  26. júlí kl: 15:00-17:00
- **Mjódd**
  28. júlí kl: 15:00-17:00

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

VÖRUÚRVAL MISMUNANDI EFTIR VERSLUNUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími Vildarverðs er frá 21. júlí, til og með 30. júlí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



**Theresa May og Angela Merkel í Berlín.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Engar formlegar viðræður um útgöngu fyrir áramót

**BRETLAND** „Við verðum að hlusta eftir því hvað Bretar vilja og finna út rétta svarið,“ sagði Angela Merkel, kanslari Þýskalands, á blaðamannafundi í Berlín í gær að loknum fundi hennar með Theresu May, nýjum forsætisráðherra Bretlands.

Þær ræddu þar um fyrirhugaða útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu, en sögðu báðar ljóst að formlegar samningaviðræður myndu ekki hefjast fyrir áramót.

Þetta var í fyrsta sinn sem þær hittust og May sagði vel hafa farið á með þeim: „Við erum tvær konur sem viljum ganga í verkin og ná þeirri bestu niðurstöðu sem möguleg er fyrir íbúa Bretlands og Þýskalands.“

> **Við verðum að hlusta eftir því hvað Bretar vilja og finna út rétta svarið.**
>
> Angela Merkel, kanslari Þýskalands

Í gær tilkynntu Bretar að þeir ætluðu ekki að fara með formennsku í ráði Evrópusambandsins seinni hluta ársins 2017, eins og gert hefur verið ráð fyrir í áætlunum sambandsins. **– gb**

Rodania 20% afsláttur
Michael Kors 30% afsláttur
Rosendahl 60% afsláttur
Armani 25% afsláttur
Fossil 30% afsláttur
Silfurskart 30% afsláttur
Kenneth Cole 30% afsláttur
Zeitner 50% afsláttur
Tissot 20% afsláttur
Casio 30% afsláttur
Henry London 50% afsláttur
Jacques Lemans 50% afsláttur
Nomination 20% afsláttur
Daniel Wellington 20% afsláttur
asa jewelery 40% afsláttur
Skagen 30% afsláttur
Seculus 50% afsláttur
Hugo Boss 20% afsláttur
Movado 20% afsláttur
ÚTSALA
ÚTSÖLULOK
Stórafsláttur af öllum úrum og skartgripum
frá þessum vörumerkjum
í verslunum okkar á
Laugavegi 15, Kringlunni
og á michelsen.is
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

## Allt á floti



**Íbúi kínversku borgarinnar Shijiazhuang, höfuðborgar Hebei-héraðs í norðurhluta Kína, þurfti að berjast gegnum flóð á götum borgarinnar á meðan hann hjólaði sína leið. Gríðarleg rigning hefur verið í héraðinu síðustu daga og er víða varað við flóðum.** NORDICPHOTOS/AFP

# Grænkeri gagnrýnir að ríkið styrki búfjárrækt

**Grænkeri telur óréttlátt að vera látinn styðja við nautgripa- og sauðfjárrækt með skattgreiðslum. Kristian Guttesen segir marga nota tegundahyggju til að réttlæta kjötræktun. Hann telji að dýr hafi engu minni rétt til lífs en manneskjur.**

**LANDBÚNAÐUR** Óréttlátt er af hálfu ríkisins að styðja við kvikfjárrækt með skattfé almennings í formi búvörusamninga.

Þetta er mat Kristians Guttesen, grænkera úr hópnum Aktívegan, en hópurinn samanstendur af aðgerðasinnum sem vilja berjast fyrir rétti dýra til lífs og frelsis.

„Það er óréttlátt, í fyrsta lagi, vegna þess að greiðslan fer fram að mér forspurðum, ég styð nautgripa- og sauðfjárræktunina hvort sem mér líkar betur eða verr. Það er í sjálfu sér ólýðræðislegt fyrirkomulag. Í öðru lagi er það, sem ég gegn eigin vilja er látinn styðja við, óréttlátt gagnvart dýrunum sem þjást og deyja fyrir þarfir, langanir og duttlunga þeirra sem telja sig þess umkomna að ráða örlögum annarra lífvera,“ segir hann.

Kristian spyr til samanburðar hvort réttlátt væri að allir væru látnir borga afnotagjald af Ríkisútvarpinu þótt þeir hefðu ekki aðgang að neti, útvarpi eða sjónvarpi

„Segjum í framhaldinu að stuðningur minn við RÚV, sem ég hefði ekkert val um, ylli saklausum einstaklingum þjáningu og dauða. Væri það réttlátt?“

> **Það er engin nauðsynleg ástæða fyrir því að rækta dýr til að innbyrða þessi efni og þar fyrir utan veldur kjötát ýmsum kvillum.**
>
> Kristian Guttesen, grænkeri (vegan)



Kristian segir marga festast í tegundahyggju í sínu daglega lífi

„Sem leiðir af sér að í krafti yfirburðastöðu sinnar geti manneskjur komið fram við aðrar tegundir eins og þeim sýnist og því kúgað þær og gengið á rétt þeirra.“

Kristian segir sams konar viðhorf búa að baki kúgun minnihlutahópa og að ef til vill ættu þeir sem lýsa sig andvíga rasisma, kvenfyrirlitningu og hómófóbíu að velta því fyrir sér hvort þeir geti með góðri samvisku beitt tegundahyggju til að réttlæta kjötræktun.

„Hugsandi einstaklingar sjá óréttlætið sem felst í því,“ segir Kristian.

Ástæðurnar fyrir því að neyta ekki dýraafurða segir hann vera þrjár. Heilsu, umhverfi og dýravernd.

„Öll næring sem fæst úr dýrum fá dýrin sjálf úr jurtaríkinu. Það er engin nauðsynleg ástæða fyrir því að rækta dýr til að innbyrða þessi efni og þar fyrir utan veldur kjötát ýmsum kvillum, sem ekki koma upp við neyslu á jurtafæði.“

Þá segir Kristian engan iðnað eins mengandi fyrir umhverfið og kjötiðnaðinn.

„Besta umhverfisvernd sem hver og einn getur innt af hendi er að gerast grænkeri (e. vegan). En með því að taka skatta af hverjum og einum eru allir þegnar neyddir til að brjóta á umhverfinu og framtíðinni,“ segir Kristian. Síðasti þátturinn, hin siðferðislega afstaða til dýra, sé ef til vill sá veigamesti hjá flestum grænkerum.

„Dýr, sem öll eru skyni bornar verur, hafa engu minni rétt til lífs en manneskjur,“ segir hann. „Við höfum val og það val er siðferðilegt. Þegar þetta val er tekið af mér þá er það óréttlátt.“ **thorgnyr@frettabladid.is**

F&F

# ÚTSALA

# 50-70%
AFSLÁTTUR

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

## Áform núverandi alþingismanna fyrir næstu kosningar




**Sjálfstæðisflokkurinn:** Ásmundur Friðriksson, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Brynjar Níelsson, Einar K. Guðfinnsson, Elín Hirst, Guðlaugur Þór Þórðarson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Haraldur Benediktsson, Illugi Gunnarsson, Jón Gunnarsson, Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Sigríður Á. Andersen, Unnur Brá Konráðsdóttir, Valgerður Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Vilhjálmur Bjarnason

**Framsóknarflokkurinn:** Ásmundur Einar Daðason, Elsa Lára Arnardóttir, Eygló Harðardóttir, Frosti Sigurjónsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Haraldur Einarsson, Höskuldur Þórhallsson, Jóhanna María Sigmundsdóttir, Karl Garðarsson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Páll Jóhann Pálsson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigrún Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Willum Þór Þórsson, Þorsteinn Sæmundsson, Þórunn Egilsdóttir

**Samfylkingin:** Árni Páll Árnason, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller, Oddný G. Harðardóttir, Ólína Kerjúlf Þorvarðardóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Össur Skarphéðinsson

**Vinstri græn:** Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Steinunn Þóra Árnadóttir, Svandís Svavarsdóttir, Ögmundur Jónasson

**Björt framtíð:** Björt Ólafsdóttir, Brynhildur Pétursdóttir, Guðmundur Steingrímsson, Óttarr Proppé, Páll Valur Björnsson, Róbert Marshall

**Píratar:** Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Helgi Hrafn Gunnarsson

✔ Áfram ✖ Hættir ▬ Gefur ekki upp ☎ Náðist ekki í

# Fjórtán þingmenn sagst ætla að hætta

**Meirihluti alþingismanna, eða 34, segist staðráðinn í að halda áfram á þingi. Fjórtán hafa þegar sagst ætla að hverfa á braut. Undirbúningur stjórnmálaflokkanna fyrir kosningar er hafinn. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar segja brýnt að kjördagur verði ákveðinn sem fyrst.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



**STJÓRNMÁL** Þrátt fyrir að enn hafi kjördagur fyrir alþingiskosningarnar ekki verið ákveðinn eru stjórnmálaflokkarnir í óðaönn að undirbúa kosningabaráttu sína.

Flestir hafa stjórnmálaflokkarnir ákveðið hvernig valið verður á lista. Þegar hafa tæplega níutíu manns ákveðið að taka þátt í prófkjöri Pírata á höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdastjóri Pírata brýnir fyrir stjórnvöldum að ákveða dagsetningu.

„Það er agalegt að vinna í þessum aðstæðum. Við erum búin að ráða kosningastjóra og þessi óvissa hamlar mér í mínum störfum og honum í hans störfum. Þannig að við ítrekum það að við viljum að dagsetning kosninga verði gefin upp sem fyrst,“ segir Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir.

Undir þessa áskorun tekur Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Bjartrar framtíðar. „Maður veit bara ekkert um það, hvort það verða yfirleitt kosningar,“ segir hann.

Ljóst er að þó nokkrar mannabreytingar verða á Alþingi.

Samkvæmt samantekt Fréttablaðsins ætla fjórtán þingmenn af 63 ekki að gefa kost á sér á framboðslista fyrir kosningarnar. Það eru Brynhildur Pétursdóttir, Róbert Marshall, Frosti Sigurjónsson, Haraldur Einarsson, Páll Jóhann Pálsson, Sigrún Magnúsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Helgi Hrafn Gunnarsson, Katrín Júlíusdóttir, Kristján L. Möller og Ögmundur Jónasson.

Þó hafa mun fleiri, eða 34, sagt í samtali við Fréttablaðið eða upplýst annars staðar opinberlega að þau muni gefa kost á sér. Aðrir hafa ekki gefið upp afstöðu sína.

> **Þessi óvissa hamlar mér í mínum störfum.**
>
> Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Pírata

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður VG, er sá þingmaður sem lengst hefur setið á Alþingi. Þegar hefur verið gengið frá því að hann muni skipa fyrsta sæti flokksins í Norðausturkjördæmi. Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, gefur einnig kost á sér. Össur er næstur Steingrími í starfsaldursröð.

Össur býst við því að kosið verði um hvort þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um áframhaldandi aðildarviðræður við Evrópusambandið, en einnig um hvort halda eigi áfram með nýja stjórnarskrá.

„Það verður líka kosið um heilbrigðismál og sömuleiðis um velferðarmál með áherslu á húsnæðismál ungs fólks og aukinn lífeyri til aldraðra.“


HR-V
HONDA
The Power of Dreams
ALLT Á SÍNUM FULLKOMNA STAÐ
Þaulhugsað skipulag, hárnákvæmur frágangur og endalausar betrumbætur. Þannig smíðuðum við nýjan Honda HR-V, til að tryggja að hver og einn hlutur passaði fullkomlega. Útkoman er borgarjeppi, sem er jafn hagnýtur að innan og hann er fallegur að utan. Honda HR-V er fullkominn fyrir þig.
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

# Lið Erdogans fer hamförum

**Um fimmtíu þúsund manns hafa verið handteknir eða reknir úr starfi í Tyrklandi. Fræðimönnum er bannað að yfirgefa landið. Lokað fyrir Facebook eftir að Wikileaks birti tölvupósta frá flokki Erdogans.**

**TYRKLAND** Níutíu og níu herforingjar voru í gær ákærðir fyrir aðild að hinni misheppnuðu valdaránstilraun um helgina. Þá hefur öllum vísinda- og fræðimönnum verið bannað að yfirgefa landið.

Alls hafa nú meira en 50 þúsund manns verið handteknir eða reknir úr starfi í þessum hreinsunum, sem nú þegar eru komnar í flokk með þeim víðtækustu í sögunni.

Þær beinast fyrst og fremst gegn liðsmönnum Gülen-hreyfingarinnar, sem er ein stærsta trúarhreyfing Tyrklands með milljónir liðsmanna og víðtæka starfsemi við rekstur á skólum, sjúkrahúsum, fjölmiðlum og fleiri lykilstofnunum landsins.

Leiðtogi hennar, Fetúlla Gülen, býr í Bandaríkjunum og þverneitar að hafa haft nokkuð með byltingartilraunina að gera. Þeir Erdogan voru nánir bandamenn allt þangað til fyrir nokkrum árum, þegar embættismenn hófu rannsókn á flokki Erdogans og spillingarmálum sem tengdust honum.

Andrew Gardner, sérfræðingur mannréttindasamtakanna Amnesty International í málefnum Tyrklands, segir hreinsanirnar í Tyrklandi vera svo víðtækar að þess finnist varla dæmi annars staðar:

**» Wikileaks boðar að framhald verði á birtingu tölvupósta frá flokki Erdogans, forseta Tyrklands.**

„Þótt það sé skiljanlegt og rétt að stjórnin vilji rannsaka og refsa þeim sem bera ábyrgð á hinni blóðugu valdaránstilraun, þá verða þau að hlíta reglum réttarríkisins og virða tjáningarfrelsið,“ segir hann. „Tyrkneska þjóðin er enn að jafna sig á hinum skelfilegu atburðum helgarinnar og þá er mjög brýnt að fjölmiðlafrelsi og óheft dreifing upplýsinga sé varin, frekar en kæfð.“

Í gær hóf Wikileaks birtingu þúsunda tölvupósta frá AKP, stjórnmálaflokki Erdogans forseta. Viðbrögð stjórnvalda í Tyrklandi voru þau að loka strax fyrir aðgang að öllum Facebook-síðum.

Alls birti Wikileaks í gær nær 300 þúsund tölvupósta, sem flokkurinn sendi frá 2010 þar til í byrjun júlí 2016. Wikileaks segir framhald verða á birtingunni, þetta sé aðeins hluti póstanna. **gudsteinn@frettabladid.is**



## Fetúlla Gülen

Hreyfing **Fetúlla Gülen** hefur starfrækt skóla, dagblöð, sjónvarpsstöðvar og banka í Tyrklandi, en er samt flokkuð þar undir hryðjuverkasamtök. **Recep Tayyip Erdogan** sakar Gülen um að hafa staðið á bak við misheppnaða valdaránstilraun, sem hluti hersins gerði 15. júlí. Yfir 50 þúsund hermenn, lögreglumenn, dómarar, kennarar, blaðamenn og embættismenn hafa verið handteknir eða reknir úr starfi.



**1941** Muhammed Fetúlla Gülen fæddur í Erzurum í austanverðu Tyrklandi.

**1959-80** Predikar í vesturhluta Tyrklands og ferðast víða, meðal annars til Þýskalands að halda ræður fyrir tyrkneska verkamenn þar.

**1970-80** Milljónir nemenda taka próf í skólum Gülen-hreyfingarinnar til að fá störf í lögreglunni eða dómskerfinu í Tyrklandi.

**1980** Herforingjabylting gerð í Tyrklandi. Gülen bannað að predika en upptökur af predikunum hans seljast grimmt.

**1999** Gülen flytur til Bandaríkjanna. Dæmdur í Tyrklandi árið 2000 fyrir ummæli, sem túlkuð eru sem stuðningur við íslamskt stjórnarfyrirkomulag í Tyrklandi. Sýknaður árið 2008 af stjórn Erdogans, sem þá var forsætisráðherra.

**2001** Erdogan stofnar Réttlætis- og þróunarflokkinn (AKP), og flokkurinn styður dyggilega Gülen. Erdogan stendur vörð um Gülen-hreyfinguna, sem í staðinn tryggir AKP atkvæði félagsmanna sinna.

**2003-2012** Gülen er lykilmaður fyrir stjórn Erdogans í þrjú kjörtímabil og fyrir forsetakjör hans árið 2014.

**2012** Samskipti þeirra versna eftir að Erdogan skipar leyniþjónustu landsins að fylgjast með Gülen-hreyfingunni. Saksóknaraembætti bregst við með því að reyna að handtaka yfirmann leyniþjónustu Erdogans.

**2013** Upp úr bandalagi þeirra slitnar vegna grimmilegrar herferðar Erdogans gegn mótmælendum. Synir Erdogans og ráðherrar dragast inn í spillingarrannsókn. AKP bregst við með hreinsunum í lögregluliðinu. Erdogan kennir Gülen og hreyfingu hans um rannsóknina.

**2014** Í desember eru meira en 30 blaðamenn handteknir, þar á meðal Ekrem Dumanli, aðalritstjóri dagblaðsins Zaman, sem er útbreiddasta dagblað Tyrklands, gefið út af Gülen-hreyfingunni.

**2016** Í mars taka stjórnvöld yfir rekstur dagblaðsins Zaman.




### Reknir eða handteknir

Eftir byltingartilraunina í júlí krefst Erdogan framsals Gülens frá Bandaríkjunum. Hreinsanir hefjast og beinast einkum að Gülen-hreyfingunni.

| | |
|---|---|
| Kennarar | 21.000 |
| Embættism. í menntamálaráðun. | 15.000 |
| Lögreglumenn | 8.000 |
| Embættism. í innanríkisráðun. | 9.000 |
| Hermenn | 6.000 |
| Herforingjar | 103 |
| Dómarar | 2.745 |
| Embættism. í fjármálaráðun. | 1.500 |
| Háskólarektorar | 1.577 |
| Yfirstjórn trúmála | 492 |
| Orkumálaráðuneytið | 300 |
| Skrifstofa forsætisráðun. | 257 |
| Leyniþjónustumenn | 100 |



Tveir spennandi kostir
CLA og CLA Shooting Break

Mercedes-Benz CLA er góður kostur fyrir fólk á ferð og flugi. Einstaklega öflugur, sportlegur og skemmtilegur í akstri en jafnframt eyðslugrannur og umhverfismildur. Hann fæst í ótal útfærslum, t.d. framhjóladrifinn eða með 4MATIC fjórhjóladrifinu, einnig með aukabúnaði við hæfi hvers og eins. Fyrir þá sem þurfa meira rými er Shooting Brake hlaðbaksútfærslan kjörin.

CLA 180 með 7 þrepa sjálfskiptingu
Verð frá 5.500.000 kr.
Eyðir frá 4,0 l/100 km í blönduðum akstri

CLA 180 Shooting Brake með 7 þrepa sjálfskiptingu
Verð frá 5.600.000 kr.
Eyðir frá 4,2 l/100 km í blönduðum akstri

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook

# DEBENHAMS

# BLÁA BOMBAN

**VERÐSPRENGJA!**

# 20%

**VIÐBÓTARAFSLÁTTUR**

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU*

**OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD**

*Gildir ekki af vörum á föstu verði.
Gildir út sunnudag.

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




Flest skilti og gluggamerkingar í miðbænum eru á ensku. Yfirleitt eru matseðlar bæði á íslensku og ensku en í sumum tilfellum eingöngu á ensku. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA




# Welcome to Iceland

**Flestar auglýsingar og skilti á Laugaveginum eru á ensku. Sexfalt fleiri enskumælandi ganga um miðbæinn en íslenskumælandi. Viðmælendur okkar eru sammála um að við eigum að vera gestrisin en að passa þurfi upp á okkar ástkæra, ylhýra.**







Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is



**FERÐAÞJÓNUSTA** Á síðustu árum hefur orðið hröð þróun í miðbæ Reykjavíkur. Verslanir og veitingastaðir hafa lifnað við og fjölmenni er þar frá morgni til kvölds. Það er þó ekki fyrr en því er gefinn sérstakur gaumur að maður tekur eftir því að flestöll skilti og gluggaskraut, hádegistilboð og útsöluauglýsingar eru á ensku.

„Það er orðið svo sjálfgefið að þetta sé á ensku að maður hættir að taka eftir því,“ segir Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku, þegar hann er spurður um hvaða áhrif þessi þróun hefur á tungumálið. „Það er alls konar aukið áreiti á tungumálið, þetta er eitt af því,“ segir hann og bendir á að annað áreiti sé meðal annars snjallsímanotkun og áhorf á Netflix.

Eiríkur segir lágmark að merkingar séu einnig á íslensku. „Það eru góðar og gildar ástæður fyrir því að hafa merkingar á ensku. En það er ótækt ef þær ýta íslenskunni í burtu.“

Því er Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar, sammála.

„Mikill meirihluti þeirra sem eiga leið um miðborg Reykjavíkur eru erlendir ferðamenn og því leitast fyrirtæki í ferðaþjónustu eftir að upplýsa þá eftir bestu getu. Við megum hins vegar ekki glata okkar sérkennum og því kann hinn gullni meðalvegur að vera góður, að upplýsa bæði á íslensku og erlendum tungumálum. Það eru annars engin lög eða reglur um þetta annað en að menn verða að greina satt og rétt frá,“ segir Skapti Örn.

Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar, hefur skýra skoðun á málinu. „Merkingar ættu að vera bæði á íslensku og ensku,“ segir hann. „Jafnvel þótt sexfalt fleiri enskumælandi fari um bæinn en íslenskumælandi þá þarf að standa dyggan vörð um íslenskuna.“

Jakob bendir á að reynt sé að vera íslenskumegin í miðborginni. „Við höfum til dæmis innleitt Föstudag til fjár, í stað Black Friday. Einnig tölum við um Októberhátíð en ekki Octoberfest.“

Miðborgin okkar er með tilmæli til verslunareigenda um að skilti séu á íslensku og ensku en engar reglur eru til um það. „Við mælum með því enda er áhugavert fyrir útlendinga að rýna í muninn á tungumálunum og sjá hvað til dæmis rúnstykki þýðir.“

Jakob segir umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar hafa það vald að ákvarða reglur um skilti og merkingar. Eftir að svokölluð rekstrarleyfi voru tekin úr gildi sé í raun lítið regluverk í kringum svona hluti.

„En með regluverki væri auðveldara að koma á fót stýringu sem sporna myndi við of mikilli einsleitni í rekstri og hægt væri að standa vörð um sérkennin og séríslenska sjarmann sem miðast við innlendan smekk og þarfir.“

> **Enda er áhugavert fyrir útlendinga að rýna í muninn á tungumálunum og sjá hvað til dæmis rúnstykki þýðir.**
>
> Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar



> **Það eru annars engin lög eða reglur um þetta.**
>
> Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar





**LAGERHREINSUN**

# 20%

**afsláttur**

af öllu frá IBF



**LAGERHREINSUN**

# 30%

**afsláttur**

af öllum sófasettum

**LAGERHREINSUN**

# 30%

**afsláttur**

af öllum sessum



**LAGERHREINSUN**

# 30%

**afsláttur**

af öllum sólarhleðsluljósum



# BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

minn
SÓFI






## Hannaðu sjálf(ur) í 3D

Nýttu þér þrívíddarforrit ILVA til að hanna þinn eigin sófa og veldu þinn persónulega stíl, í þínu eftirlætis efni eða leðri. Forritið getur þú nálgast á ilva.is eða komið í verslun okkar. www.ilva.is/minnsofi

**1 VELDU TEGUND**
Komdu í verslun okkar eða inná ilva.is, þar sérð þú allt úrvalið. Leitaðu eftir sófum sem eru merktir MINN SÓFI.

**2 VELDU STÆRÐ**
Veldu stærð og einingar sem henta þér og þínu heimili

**3 VELDU ÁKLÆÐI**
Þú endar á því að velja áklæði. Þú getur valið á milli 104 áklæðisgerða og 32 leðurgerða. Ekki er hægt að fá alla sófa í leðri.

**Vesta-einingasófi.** Einingasófi í fallegu gráu áklæði. 392 x 270 cm. 559.500 kr. Nú 414.500 kr. Verðflokkur A3. Hægt að sérpanta með öðru áklæði.

# 25% af öllum SÓFUM, SÓFABORÐUM OG HÆGINDASTÓLUM

**TILBOÐ GILDA TIL OG MEÐ 7. ÁGÚST**

nú 179.900
SPARAÐU 60.000

minn
SÓFI



**Kingston-sófi.** Þriggja sæta með gráu áklæði. L 232 cm. 239.900 kr. Nú 179.900 kr. Verðflokkur A2. Hægt að sérpanta með öðru áklæði.



**Albi-hægindastóll.** Dökkgrátt áklæði. 149.900 kr. Nú 99.900 kr.



**Goteborg-hægindastóll.** Grátt leður á sessum og grind úr eik. 124.900 kr. Nú 89.900 kr.

nú 49.900
SPARAÐU 20.000



**Halland-sófaborð.** Nougatlitað og grind úr reyklitaðri eik. 55 x 47 cm. 69.900 kr. Nú 49.900 kr.

nú 7.400
SPARAÐU 2.500



**Dover-sófaborð.** Lítið hvítt borð með svörtum fótum. 58 x 48 cm. 9.900 kr. Nú 7.400 kr.

nú 224.900
SPARAÐU 75.000



**Chesterfield-sófi.** Þriggja sæta brúnn leðursófi. 220 cm. 299.900 kr. Nú 224.900 kr.

nú 194.900
SPARAÐU 65.000



**Andorra-sófi.** Hornsófi + legubekkur með svörtu textílleðri. 308 x 203 cm. 259.900 kr. Nú 194.900 kr. Sófann er einnig hægt að fá speglaðan.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

# 25% AF STRESSLESS






1. Mótaður svæðaskiptur Pólýuretan svampur sem tryggir hámarks þægindi.
2. Sætið sjálft og lögun Pólýuretan svampsins stuðla að réttri mýkt.
3. Fyrsta flokks mjúkar Polýester trefjar veita aukin þægindi.
4. Sveigjanlegar fjaðrir á stálramma.
5. Plus™-kerfið tryggir réttan stuðning við háls og mjóbak. Kerfið er innbyggt á báðum hliðum fyrir hámarks virkni og líftíma.
6. Ekta leður eða textíll.
7. Þú velur þann stól sem hentar þinni stærð og líkamsþyngd.
8. 2-punkta fótur veitir einstakan stöðugleika sem hægt er að snúa í 360°.
9. Fætur er hægt að fá í nokkrum mismunandi litum.

# 25% AF ÖLLUM SVEFNSÓFUM

## TAILOR

FALLEGUR Á DAGINN & NOTALEGUR Á NÓTTUNNI



nú 187.400
SPARAÐU 62.500

**Flex 410-svefnsófi.** Fallegur grár opin hornsvefnsófi. 248 x 220 cm. 249.900 kr. Nú 187.400 kr.

### 1 VELDU ARMA

Á Tailor sófana er hægt að velja um 5 mismunandi arma, með eða án geymsluhólfs.



### 2 VELDU BAKPÚÐA

Hægt er að velja um tvo mismunandi bakpúða. Bakpúði með svampögnum eða lúxus púði með hnöppum, dún eða silíkonfylling.



### 3 DÝNA

Hægt er að velja þrjár mismunandi gerðir af dýnufjöðrun. Svamp, Bonell fjöðrun eða pokafjöðrun.

### 4 VELDU ÁKLÆÐI

Veldu á milli 22 mismunandi áklæða.

nú 89.900
SPARAÐU 30.000



**Austin-sófi.** Opið horn + tveggja sæta. L234 x D 204 cm. 119.900 kr. Nú 89.900 kr.



**Polo-hægindastóll. Túrkíslitaður með gráum hnöppum.** 109.900 kr. Nú 79.900 kr.

nú 79.900
SPARAÐU 30.000



**Napper-legubekkur** með gráu áklæði. 80 x 200 cm. 109.900 kr. Nú 79.900 kr.



**Square-sófaborð.** Svartur marmari með svartri grind. 50 x 50 cm. 29.900 kr. Nú 19.900 kr.

nú 44.900
SPARAÐU 15.000



**Block-hægindastóll.** Fallegur stóll með gráu áklæði og svartri stálgrind. 85 x 79 x 76 cm. 59.900 kr. Nú 44.900 kr.

nú 159.900
SPARAÐU 60.000



**Kingston city-sófi.** 1 1/2 sæti með legubekk. Sandlitað áklæði. 205 x 161 cm. 219.900 kr. Nú 159.900 kr. Sófann er einnig hægt að fá speglaðan.



**Charlie-hægindastóll.** Leðurstóll með svartlakkaðri grind. 149.900 kr. Nú 99.900 kr.

VEXTIR 0%

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

VISA MasterCard

**3 MÁNAÐA VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró

# Uppgjör



**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Kosningar nálgast og stjórnmálaflokkarnir eru farnir að undirbúa sig. Eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag munu ýmsir yfirgefa sviðið, sumir eftir langa dvöl í þingsæti, en auk þess má eiga von á mörgum nýjum andlitum til að halda um stjórnartauma landsins. Hann er skemmtilegur samkvæmisleikurinn sem ávallt fer í gang um þessar mundir, stuttu fyrir kosningar, að máta fólk í þingsæti og ráðherraembætti.

Þingkosningarnar í haust munu fara fram um hálfu ári fyrr en gert hafði verið ráð fyrir, eftir hörð og fjölmenn mótmæli í kjölfarið á birtingu Panama-skjalanna. Stjórnarflokkarnir neyddust til að flýta kosningum og forsætisráðherra sagði af sér embætti.

Ekki hefur enn verið greint frá nákvæmri dagsetningu kosninganna, en gera má ráð fyrir að ríkisstjórnin greini frá fyrirætlunum sínum fyrr en síðar, enda báðir stjórnarflokkar komnir á fullt við undirbúning prófkjara og uppröðun lista. Það má því búast við nokkuð stuttri og snarpri kosningabaráttu eftir að framboðslistar allra flokka liggja fyrir.

Kosningarnar fram undan eru mikilvægar. Í löndunum allt í kringum okkur er mikil ólga innan stjórnmálanna og stefnubreytingar eiga sér stað víða, oft og tíðum ekki endilega til hins betra. Það er því miður ef stutt kosningabarátta verður til þess að bitna á þeirri umræðu sem þarf svo nauðsynlega að eiga sér stað í samfélaginu, á vettvangi stjórnmálanna, áður en kosið verður til næstu fjögurra ára.

Leiða má að því líkur að meðal þess sem kosið verður um séu til að mynda húsnæðismál ungs fólks, heilbrigðismálin og velferðarmál. Allt rúmast þetta innan þess sem helst þarf að tala um í íslenskum stjórnmálum; sanngirni. Það er sérlega áhugavert að sanngirni sé svo mörgum ofarlega í huga um þessar mundir, þegar allir hagvísar landsins vísa upp á við, kaupmáttur hefur aukist og atvinnuleysi er í minnsta mæli.

Opinberun Panama-skjalanna, ásamt sölu ríkiseigna án auglýsinga, samkeppnislagabrotum einokunarfyrirtækja og mýmörgu öðru sem skotið hefur upp kollinum á kjörtímabilinu, hefur sýnt okkur svart á hvítu að á þessu litla, ágæta og friðsama landi okkar búa tvær þjóðir. Önnur nýtur tækifæra sem hin fær ekki notið. Það er tómt mál að tala um jöfn tækifæri og frelsi, þegar það er alltaf vitlaust gefið.

Það þarf að kjósa um sanngirni í landbúnaðar- og neytendamálum; að einstökum aðilum verði ekki, í skjóli ríkisins, gert kleift að hagnast á einokun og ofurálagningu. Það þarf að kjósa um aukna fjárveitingu í heilbrigðismálin og breytingar á stjórnarskrá og kosningakerfinu. Það þarf að kjósa um mannúð gagnvart útlendingum, eldri borgurum, öryrkjum og ungu fólki.

Flestir flokkanna munu setja áherslur sínar á ofangreint í einhverjum mæli, með mistrúverðugum hætti. Það er mikilvægt að valdhafarnir, sem og stjórnarandstaðan, svari því af hverju ætti að treysta þeim fyrir þessum verkefnum – hvað það sé í fortíð þeirra sem gefi það til kynna að staðið verði við stóru orðin í þetta skiptið.

Af því kosningarnar í haust verða uppgjör. Uppgjör við spillingu, einkavinavæðingu og misskiptingu. Hér verður að vera rétt gefið.

**Það er tómt mál að tala um jöfn tækifæri og frelsi, þegar það er alltaf vitlaust gefið.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Leitað á ný mið**

**Eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag er að koma mynd á það hvaða núverandi þingmenn gefa kost á sér til setu á næsta þingi og hverjir ekki. Nú hafa fjórtán þingmenn þegar ákveðið að hætta. Flestir þeirra, eða fimm, eru úr röðum framsóknarmanna. Og það þarf ekki að koma á óvart að framsóknarþingmenn hyggist leita á ný mið.**

**Flokkurinn er í frjálsu falli í skoðanakönnunum. Samkvæmt niðurstöðum þeirra bendir allt til að hann tapi tíu til ellefu þingmönnum af þeim nítján sem hann hefur í dag. Flestir þingmannanna munu því hvort eð er þurfa að leita á nýjan vettvang eftir kosningar.**

**Prófkjör Pírata**

**Píratar fara athyglisverða leið við að stilla upp framboðslista á höfuðborgarsvæðinu, með því að halda sameiginlegt prófkjör fyrir þrjú kjördæmi en ekki tvö. Vegna gríðarlegs fylgis í skoðanakönnunum var við því að búast að mikill áhugi yrði fyrir því að bjóða sig fram fyrir flokkinn í kosningum. En það eru ekki endilega góð tíðindi fyrir flokkinn að níutíu manns vilji taka sæti á lista hans fyrir næstu þingkosningar. Flokkurinn væri mun betur settur með fáeina gæðaframbjóðendur í prófkjöri en tugi lukkuriddara.**

jonhakon@frettabladid.is

# Íslenska er undirstaðan



**Þórir Guðmundsson**
forstöðumaður Rauða krossins í Reykjavík

Á þessu ári er líklegt að Ísland veiti um 200 flóttamönnum skjól frá stríði, ofsóknum og óbærilegum þjáningum. Við getum það vel, erum ein af auðugustu þjóðum í heimi og vantar vinnuafl.

Aðlögun innflytjenda að nýju samfélagi er flókið viðfangsefni sem þjóðir heims hafa glímt við í mismunandi mæli um ómunatíð. Eitt er þó ekkert flókið. Til þess að innflytjanda farnist vel í nýjum heimkynnum þarf hann að skilja og tala tungumál heimamanna.

Í Noregi eru sveitarstjórnir skyldugar að lögum til að bjóða flóttafólki og öðrum innflytjendum ókeypis tungumálanám. Að auki bjóða félagasamtök eins og Rauði krossinn upp á tungumálaþjálfun, sem styður við formlegt nám. Norska ríkið lítur sömu augum á flóttamenn, hvernig sem þeir koma til landsins. Allir eiga rétt á að minnsta kosti 600 klukkustunda norskukennslu, ókeypis, og inni í þeirri kennslu er fræðsla um norskt samfélag. Þeir sem eru undir 55 ára aldri eru skyldugir til að mæta í norskutímana. Ólæsir fá enn meiri stuðning.

Íslenska kerfið mismunar flóttamönnum eftir því hvernig þeir koma til landsins. Hvað tungumálið varðar veitir það svokölluðum kvótaflóttamönnum ágæta íslenskukennslu, 720 kennslustundir að lágmarki, samkvæmt reglugerð. Þeir sem koma til landsins í gegnum hæliskerfið fá miklu minni stuðning, 150.000 krónur samkvæmt leiðbeinandi reglum velferðarráðuneytis, sem nægir til að greiða fyrir um 180 kennslustundir í málaskóla.

Stuðningur til íslenskunáms er fjárfesting í árangursríkri aðlögun til hagsbóta fyrir þjóðfélagið sem heild. Innflytjandi sem talar íslensku hefur tækifæri til að komast áfram í lífi og starfi. Hann er líklegri til að vera ánægður borgari en sá sem sökum tungumálaörðugleika þarf að sætta sig við láglaunastarf sem ekki krefst samskipta við heimamenn.

Þjóð sem leggur jafn mikla áherslu á þjóðtunguna og Íslendingar gera ætti öðrum fremur að skilja mikilvægi þess að innflytjendur læri tungumálið. Af öllu því sem hægt væri að gera til að stuðla að árangursríkri aðlögun, þá er íslenskukennsla það augljósasta. Stuðningur á því sviði er fjárfesting sem borgar sig.

**Íslenska kerfið mismunar flóttamönnum eftir því hvernig þeir koma til landsins.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Írland og Ísland átta árum síðar

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Þegar bankarnir hrundu haustið 2008 sögðu sumir eins og í sjálfsvörn: írskir bankar eru einnig komnir að fótum fram og varla berum við ábyrgð á því eða hvað? Afneitunin var alger.

Kjarni málsins var og er að bankahremmingar beggja landa voru heimatilbúnar og áttu rót sína að rekja til vanrækslu stjórnmálamanna, bankamanna og meðreiðarsveina þeirra. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis 2010 og aðrar heimildir bera vitni. Alþingi ályktaði nokkru síðar einum rómi að skýrslan „sé áfellisdómur yfir stjórnvöldum, stjórnmálamönnum og stjórnsýslu, verklagi og skorti á formfestu.“ Dálkahöfundur Irish Times Flintan O‘Toole birti bók 2010 undir heitinu Ship of Fools: How Stupidity and Corruption Sank the Celtic Tiger (Fíflafley: Hvernig heimska og spilling drekktu keltneska tígrisdýrinu). Margt sem þar stendur rímar vel við Ísland.

### Hvort landið stóð sig betur, Ísland eða Írland?

Eftir hrun gerðu margir sér mat úr því að Ísland væri betur í sveit sett en Írland þar eð Íslendingar gætu leyft gengi krónunnar að falla um helming meðan Írar voru bundnir á klafa evrunnar. Aðrir sögðu: Hægan, hægan, Írar eiga aðgang að evrópska seðlabankanum og annarri fjárhagsaðstoð ESB sem Ísland á ekki sjálfkrafa aðgang að. Nú, átta árum síðar, er tímabært að spyrja: Hvort landið komst betur frá kreppunni?

Skoðum tölurnar. Frá 2007 til 2010 dróst kaupmáttur landsframleiðslu á mann saman um 11% á Írlandi og 9% á Íslandi. Það er bitamunur en ekki fjár. Það er fyrst nú í ár að kaupmáttur landsframleiðslu á mann í báðum löndum er orðinn hinn sami og hann var fyrir hrun, 2007. Það tók bæði löndin því níu ár, frá 2007 til 2016, að komast aftur á upphafsreit. Frá því botninum var náð 2010 þar til nú hefur kaupmáttur landsframleiðslu á mann aukizt um 16% á Írlandi og 12% á Íslandi og er nú sjöttungi meiri á Írlandi en á Íslandi eins og hann var 2007. Því má segja að bæði löndin hafi komizt álíka vel frá hruninu. Atvinnuleysi er að vísu miklu meira á Írlandi en á Íslandi en þannig hefur það verið um áratugaskeið og hefur ekkert með hrunið eða eftirköst þess að gera.

Skoðum fleiri tölur. Landsframleiðsla á hverja vinnustund, öðru nafni vinnuframleiðni, er betri lífskjarakvarði en landsframleiðsla á mann þar eð framleiðsla á vinnustund tekur fyrirhöfnina á bak við tekjuöflunina með í reikninginn. Frá 2007 til 2016 jókst landsframleiðsla á hverja vinnustund á Írlandi úr 59 Bandaríkjadölum í 74 dali og úr 41 dal í 44 á Íslandi. Vinnuframleiðni jókst því um 26% á Írlandi 2007-2016 borið saman við 7% aukningu hér heima.

Þarna skilur milli feigs og ófeigs. Þrátt fyrir mikið og landlægt atvinnuleysi hefur Írum tekizt að auka forskot sitt á Íslendinga í vinnuframleiðni úr 44% 2007 (59/41 = 1,44) í 68% 2016 (74/44 = 1,68).

Önnur gögn ber að sama brunni. Velferðarvísitala Sameinuðu þjóðanna (e. Human Development Index) sem tekur ekki aðeins mið af framleiðslu og tekjum á mann heldur einnig menntun og heilbrigði skipar nú síðast (2014) Írlandi í 6. sæti og Íslandi í 16. sætið í hópi nær allra landa heimsins, nær 200 talsins.

### Evran stóðst prófið

Af þessum samanburði má ráða að evran dró Írland ekki niður á hyldýpi eins og sumir áttu von á. Aðild að Myntbandalagi Evrópu og evrunni þarf að skoða í samhengi við aðra þætti svo sem sjálfkrafa aðgang að fjárhagsaðstoð frá ESB þegar þörf krefur, aðhald og sameiginlegt eftirlit. Öðrum evrulöndum hefur einnig tekizt skaplega að vinna sig út úr erfiðleikum síðustu ára, t.d. Lettlandi og Portúgal. Öðru máli gegnir um Grikkland, en þar hefur vandinn sem við er að glíma reynzt mun alvarlegri en annars staðar. Vandi Grikklands átti upptök sín í ábyrgðarlausri fjármálastjórn ríkisins og breiddist út í bankakerfið en ekki öfugt eins og t.d. á Írlandi og Íslandi.

Ríkisstjórn Írlands ákvað að írskir skattgreiðendur skyldu bæta til fulls tjónið sem eigendur og lánardrottnar bankanna hefðu ella þurft að axla. Þetta var harkaleg ákvörðun en hún reyndist framkvæmanleg þar eð skuldirnar voru viðráðanlegar. Þessi leið var ófær á Íslandi þar eð skuldir bankanna hér heima voru svo miklu meiri miðað við landsframleiðslu en á Írlandi. Þess vegna var ekki hægt að bjarga íslenzku bönkunum frá gjaldþroti. Hefðu íslenzku bankarnir grafið sér grynnri gröf, hefðu íslenzk stjórnvöld e.t.v. reynt með erlendri hjálp að fara sömu leið og Írar, en til þess kom ekki. Eftir stendur að Írar ákváðu að standa í skilum og halda sig við evruna og agann sem fylgir henni meðan Íslendingar létu bankana fara á hliðina og leyfðu gengi krónunnar að hríðfalla. Samt hefur Írum ef eitthvað er tekizt betur en Íslendingum að vinna sig með herkjum út úr erfiðleikum undangenginna ára. Evran stóðst prófið.

> **Kjarni málsins var og er að bankahremmingar beggja landa voru heimatilbúnar og áttu rót sína að rekja til vanrækslu stjórnmálamanna, bankamanna og meðreiðarsveina þeirra.**

# Heilbrigðisstefna til framtíðar



Ingimar Einarsson
félags- og stjórnmálafræðingur




Heilbrigðis- og velferðarmál eru meðal þeirra málaflokka sem hvað mest snerta líf og heilsu hvers einasta borgara þessa lands. Það er því merkilegt þegar litið er til baka hversu lengi heilbrigðismál stóðu utan umræðuvettvangs íslenskra stjórnmála. Stærstan hluta tuttugustu aldarinnar og fram á annan áratug þessarar aldar snérust viðfangsefni þeirra aðallega um sjávarútveg og landbúnað og efnahags-, iðnaðar-, orku- og byggðamál.

Í aðdraganda kosninga árið 2013 komu fram háværar kröfur um að heilbrigðismál yrðu meðal helstu mála kosningabaráttunnar. Ekkert varð úr því en í kjölfar kosninganna var eins og sprengju væri varpað inn á vettvang þjóðmálabaráttunnar. Frá þeim tíma hafa heilbrigðismál verið stöðugt í brennidepli stjórnmálaumræðunnar. Nú eru ýmsar blikur á lofti og ljóst að fleiri málefnasvið munu krefjast aukinnar hlutdeildar í því sem til skiptanna er.

### Endurreisn

Þrír ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og forsvarsmenn Læknafélags Íslands og Skurðlæknafélags Íslands skrifuðu 8. janúar 2015 undir yfirlýsingu í tengslum við gerð kjarasamninga lækna. Þar er því m.a. lýst yfir að heilbrigðiskerfið skuli búa við sambærilegan ramma hvað varðar fjármuni og fjölda starfsmanna og hin Norðurlöndin að teknu tilliti til sérstöðu Íslands hvað varðar mannfjölda og staðhætti.

Athafnamaðurinn Kári Stefánsson virðist ekki hafa talið sig geta treyst orðum ríkisstjórnarinnar og réðst því í undirskriftasöfnun í ársbyrjun 2016. Í yfirlýsingu sem gekk undir nafninu „Endurreisum heilbrigðiskerfið“ var þess krafist að Alþingi skuli verja 11% af vergri landsframleiðslu í heilbrigðismál. Því var haldið fram að stjórnvöld hefðu lengi vanrært heilbrigðiskerfið og það væri ekki lengur þess megnugt að sinna hlutverki sínu sem skyldi. Í lok apríl 2016 höfðu 86.761 manns skrifað undir.

> **Á Íslandi hefur ný heilbrigðisáætlun til ársins 2020, sem tekur til þessara málefna, lengi verið í burðarliðnum, en af ýmsum orsökum hefur ekki tekist að ljúka henni.**

### Fjárframlög

Skýrslur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sýna að fjárframlög til heilbrigðismála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu eru nokkuð lægri á Íslandi en það sem best gerist á hinum Norðurlöndunum og innan OECD. Tölur frá OECD fyrir árið 2013 sýna að Íslendingar vörðu 8,7% af verðmæti þjóðarframleiðslu sinnar til heilbrigðismála. Ísland var í 19. sæti allra ríkja OECD umrætt ár.

Þann 15. mars 2016 birti Hagstofa Íslands bráðabirgðaupplýsingar um fjármál hins opinbera árið 2015. Þar kemur fram að umrætt ár hafi heildarútgjöld til heilbrigðismála verið 192 milljarðar króna eða 8,7% af vergri landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 157 milljarðar en hlutdeild heimilanna 35 milljarðar eða 18,2% af heilbrigðisútgjöldunum. Er það nokkuð lægra hlutfall en verið hefur undanfarin ár. Það felur í sér að bein heilbrigðisútgjöld heimilanna hafi sama ár verið að meðaltali 105.800 kr. á mann. Sé gert ráð fyrir að veita 11% af landsframleiðslunni til heilbrigðismála má ætla að árið 2015 hafi skort um 50 milljarða inn í heilbrigðiskerfið.

### Ríkisfjármálaáætlun

Á vordögum 2016 voru lagðar fram tvær þingsályktunartillögur um fjármálastefnu og fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021. Báðar þessar tillögur byggja á nýjum lögum um opinber fjármál. Samkvæmt fjármálaáætluninni er stefnt að því að auka fjárframlög ríkisins til heilbrigðismála um 30 milljarða á næstu fimm árum. Þannig að fjárveitingar hins opinbera til heilbrigðismála hækki úr 170 í 200 milljarða á tímabilinu, sbr. mynd 1.

Miðað við tölur OECD og Hagstofu Íslands vantar, umfram það sem áætlað hefur verið í fjármálastefnunni, um 20 milljarða upp á að hlutdeild heilbrigðismála nái 11% af vergri landsframleiðslu í lok tímabilsins 2017-2021. Allar tölur á verðlagi ársins 2016. Þá hefur því ekki verið svarað hver hlutur heimilanna í heilbrigðisútgjöldum verði næstu árin. Ennfremur hefur ekki verið nægjanlega skoðað að hvaða marki sé dýrara að halda uppi góðri heilbrigðisþjónustu í víðfeðmu, fámennu og harðbýlu landi.

### Hvert stefnt

Árið 2012 samþykktu íslensk stjórnvöld evrópska heilbrigðisstefnu WHO til ársins 2020 (Health 2020). Á grunni þessarar stefnumörkunar og framtíðarsýnar hafa mörg ríki Evrópu þegar ráðist í gerð áætlana til að ná mikilvægum markmiðum í heilbrigðismálum. Aðildarríkin hafa skuldbundið sig til að bæta heilsu íbúanna, draga úr ójöfnuði, styrkja lýðheilsu og tryggja notendamiðað heilbrigðis- og velferðarkerfi. Á Íslandi hefur ný heilbrigðisáætlun til ársins 2020, sem tekur til þessara málefna, lengi verið í burðarliðnum, en af ýmsum orsökum hefur ekki tekist að ljúka henni.

Að lokum skal lögð áhersla á að vandamál heilbrigðiskerfisins verða ekki eingöngu leyst með auknum fjárveitingum, því stjórnvöld verða jafnhliða að móta sér framtíðarsýn í heilbrigðismálum og skilgreina hlutverk allra meginþátta heilbrigðisþjónustunnar. Fyrsti áfanginn í því verkefni er að ráðast í víðtæka þarfagreiningu og úttekt á helstu kostnaðarþáttum starfseminnar. Afrakstur þeirrar vinnu gæti orðið grunnur að sáttmála um endurreisn heilbrigðiskerfisins.

# Hvað á barnið að heita?



Tryggvi Gíslason
fv. skólameistari MA

> **Fela má Þjóðskrá Íslands að gæta gamallar nafngiftarhefðar, enda er unnt að leita álits Árnastofnunar eða Íslensku- og menningarsviðs Háskóla Íslands um vafamál eða ágreiningsmál**

Innanríkisráðuneytið hefur kynnt drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu. Með nýjum lögum er ætlunin að lög um mannanöfn nr. 45/1996 falli úr gildi. Í greinargerð ráðuneytisins segir að rétt sé talið að felldar séu úr gildi takmarkanir á nafngjöf og lögð áhersla á, að með því sé fullorðnum einstaklingum og foreldrum barna gefið frelsi til að velja nöfn sín og barna sinna. Mannanafnanefnd yrði lögð niður – enda óþörf, eins og segir í greinargerðinni.

Nöfn skulu rituð með bókstöfum íslenska stafrófsins. Eiginnöfn skulu vera nafnorð, auðkennd með stórum upphafsstaf og án greinis. Sé eiginnafn af íslenskum uppruna skal það falla að íslensku beygingarkerfi, en það er ekki skilyrði ef um viðurkennt erlent nafn er að ræða. Uppfylli nöfn ekki þessi skilyrði þessarar ber Þjóðskrá Íslands að hafna skráningu.

### Endurskoðun laga eðlileg

Ekki er óeðlilegt að lög um mannanöfn séu endurskoðuð vegna breyttra viðhorfa og breyttra aðstæðna í samfélaginu. Í greinargerð innanríkisráðuneytisins segir að á undanförnum árum hafi umræða um mannanafnalöggjöfina verið áberandi í samfélaginu, meðal annars í tengslum við ákvarðanir mannanafnanefndar. Hefur því sjónarmiði því „vaxið ásmegin“, eins og stendur í greinargerðinni, að réttur manna til að ráða sjálfir nöfnum sínum og barna sinna sé ríkari en hagsmunir samfélagsins af því að takmarka þennan rétt. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 2013 hafi verið byggt á því að réttur manns til nafns félli undir vernd 71. greinar stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs. Því til stuðnings vísaði héraðsdómur til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu sem fellt hefur réttinn til nafns undir ákvæði í Mannréttindasáttmála Evrópu, en hún sé efnislega samhljóða 71. gr. stjórnarskrárinnar. „Af því leiðir að réttur til nafns verði aðeins takmarkaður með sérstakri lagaheimild ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra, sbr. 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu,“ eins og segir orðrétt í greinargerð innanríkisráðuneytisins.

### Íslensk nafngiftarhefð

Endurskoðun laga er eðlileg við breyttar aðstæður og réttur einstaklinga er afar mikilsverður. En til eru fyrirbæri sem heita hefð, venjur, menning og málrækt. Því ber í „nýjum lögum um þjóðskrá og almannaskráningu“ að takmarka rétt til nafns með sérstöku ákvæði til þess að koma í veg fyrir, að þúsund ára gamlar nafngiftarvenjur Íslendinga njóti réttarverndar sem eru mikilsverður hluti af menningunni. Fela má Þjóðskrá Íslands að gæta gamallar nafngiftarhefðar, enda er unnt að leita álits Árnastofnunar eða Íslensku- og menningarsviðs Háskóla Íslands um vafamál eða ágreiningsmál.

Að lokum má benda innanríkisráðuneytinu á norska nafnalögin frá 2006, Lov om personnavn, navneloven. Lögin eru vel skrifuð, sett fram á einfaldan hátt og skynsamlega haldið á málum. Réttindi einstaklinga – ekki síst barna – eru virt, en um leið er tekið tillit til hefðar og venju í samfélaginu.


KRÓNAN
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
100% hamborgara-búðin þín
90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.
Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.
alltaf 2 stk. í pakka
ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN
GERÐU ÞINN EIGIN FABRIKKUBORGARA
1299 kr. pk.
100% hágæða ungnautahamborgari, Brioche hamborgarabrauð, Fabrikkusósa og salt + pipar, 2 stk. í pakka
GERÐU ÞÍN EIGIN BEIBÍBAKK GRÍSARIF
2199 kr. kg
Beibíbakk grísarif Fabrikkunnar
-20%
Coca-Cola
79 kr. stk.
Verð áður 99 kr. stk.
Coke og Coke Zero, 250 ml
899 kr. pk.
Grillborgarar með brauði 4 stk.
Gott verð!
499 kr. pk.
Rösti kartöflur 6 stk.
#Grillsnilld KRÓNAN
649 kr. pk.
Grillbakki maískólfar 4 stk.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 24. JÚLÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN



-30%

# 3339 kr. kg

Verð áður ~~4770~~ kr. kg

Ungnauta Entrecote, Danmörk



Deildu þínum grillsigrum á grillsnilld.is Veglegir vinningar í boði

#Grillsnilld KRÓNAN

Hvítlauks og rósmarín

# Marinerað af kjötmeistara Krónunnar



Pipar marinering

# 1399 kr. kg

Íslensk lambalæri





# 1699 kr. kg

Krónu grísahnakkafile, mismunandi marineringar



New York marinering

# 1399 kr. kg

Verð áður ~~1658~~ kr. kg

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


KRÓNAN
-30%
125 kr. kg
Verð áður ~~179~~ kr. kg
Vatnsmelóna, Spánn
Ferskt alla daga
-30%
379 kr. pk.
Verð áður ~~549~~ kr. pk.
Driscolls brómber frá Holland
og hindber frá Portúgal, askja 125g
-20%
295 kr. pk.
Verð áður ~~369~~ kr. pk.
Lífrænir sveppir í öskju 250g, Pólland
LÍFRÆNT
VEGAN
OUMPH!
Thyme & Garlic
For Free Range Humans
899 kr. pk.
Oumph! er prótentíkt sojakjöt.
Fjölbreytt úrval bragðtegunda. Frystivara.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 24. JÚLÍ - AFGREIDSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS




TILBOÐIN GILDA TIL 24. JÚLÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

## FH-ingar úr leik í Evrópukeppninni án þess að tapa leik




**Taplausir í Evrópukeppninni en samt úr leik** Evrópuævintýri FH-inga var stutt í ár því þrátt fyrir góð úrslit í fyrri leiknum og góða stöðu í hálfleik þá tókst þeim ekki að slá út írska liðið Dundalk í Kaplakrika í gær. Skelfilegt korter í byrjun seinni hálfleiks reyndist FH dýrkeypt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sögubækurnar bíða Birgis Leifs

**Birgi Leifi Hafþórssyni og Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur er spáð Íslandsmeistaratitlinum í höggleik en mótið hefst á Jaðarsvelli á Akureyri í dag. Vinni Birgir verður hann sigursælastur í sögunni.**

**GOLF** Íslandsmótið í höggleik 2016 hefst á Jaðarsvelli á Akureyri í dag. Allir bestu kylfingar þjóðarinnar eru með og má því búast við frábærri keppni um stærsta titilinn í íslensku golfi.

Á kynningarfundi fyrir Íslandsmótið á Akureyri í gær var spá sérfræðinga Golfsambands Íslands opinberuð. Þeir spá atvinnukylfingunum Birgi Leifi Hafþórssyni úr GKG Íslandsmeistaratitlinum í karlaflokki og Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur úr GR titlinum í kvennaflokki. Þau urðu meistarar síðast 2014 á Leirdalsvelli.

Gangi spáin upp verður Gísli Sveinbergsson í öðru sæti í karlaflokki og Axel Bóasson, Íslandsmeistarinn frá því 2011, í þriðja sæti. Hjá konunum er Guðrúnu Brá Björgvinsdóttur spáð öðru sætinu og tvöfalda meistaranum Valdísi Þóru Jónsdóttur því þriðja.

### Birgir sá sigursælasti?

Fremsti karlkylfingur þjóðarinnar, Birgir Leifur Hafþórsson, mætir á Jaðarsvöll með það eitt að markmiði að vinna Íslandsmeistaratitilinn í sjöunda sinn. Takist það verður hann sigursælastur á þessu móti í sögunni en hann vann sjötta Íslandsmeistaratitilinn á heimavelli fyrir tveimur árum.

Tveir aðrir karlkylfingar; Björgvin Þorsteinsson og Úlfar Jónsson, hafa unnið titilinn sex sinnum eins og Birgir Leifur. Úlfar, sem er núverandi landsliðsþjálfari, vann titilinn yngstur allra í sögunni 18 ára árið 1986 og hafði sigur sex sinnum á sjö árum. Akureyringurinn Björgvin vann sinn fyrsta 1971 og svo fimm í röð frá 1973-1977. Það yrði skemmtileg saga ef Birgir Leifur verður sá sigursælasti á heimavelli mannsins sem varð fyrstur í sex.

Birgir Leifur hefur ekki farið leynt með vilja sinn til að verða sigursælastur í sögunni. „Þetta er eitthvað sem maður hefur haft bak við eyrað og enn meira því oftar sem maður skráir sig til leiks á Íslandsmótið. Ég hefði eiginlega átt að byrja að pæla í þessu fyrr," sagði hann fyrir Íslandsmótið 2012.

Birgi tókst ekki að bæta fimmta titlinum í safnið það árið á Hellu en vann bæði sigur á Korpuvelli 2013 og Leirdalsvelli 2014 og jafnaði þar með Björgvin og Úlfar. Sögubækurnar bíða eftir penna Birgis Leifs að skrá nafn sitt í þær á lokadeginum á Jaðarsvelli á sunnudaginn.

### Aldrei sú sama

Búist er við jafnri og spennandi keppni í kvennaflokki þar sem Signý Arnórsdóttir, ríkjandi Íslandsmeistari, reynir að verja titilinn í baráttu við allar þær bestu. Atvinnukylfingarnir Valdís Þóra Jónsdóttir og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir eru líklegar og enn bíða golfspekingar eftir að Guðrún Brá Björgvinsdóttir taki stóra skrefið og vinni stærsta titilinn.

Ólafía Þórunn þykir líklegust en hún stendur fremst kvennakylfinga þjóðarinnar þessi misserin eftir að hún vann sér inn þátttökurétt á Evrópumótaröðinni. Hún hefur tvívegis orðið Íslandsmeistari, síðast árið 2014 en einnig vann hún árið 2011.

Það skemmtilega við kvennaflokkinn á Íslandsmótinu í höggleik undanfarna tvo áratugi er að sami kylfingurinn vinnur aldrei tvö ár í röð. Enginn kylfingur hefur unnið tvö ár í röð síðan Karen Sævarsdóttir sigldi þeim áttunda í röð í hús árið 1996 en hún er sigursælust í kvennaflokki.

Takist Ólafíu að standast pressuna og vinna sinn þriðja titil fer hún í þriggja titla klúbbinn með Guðfinnu Sigurþórsdóttur (1967, 1968, 1971), Jóhönnu Ingólfsdóttur, sem tók Íslandsmótið þrjú ár í röð frá 1977-1979, og Sólveigu Þorsteinsdóttur sem tók við af Jóhönnu og vann þrisvar í röð frá 1980-1982. tomas@365.is

### Flestir titlar í höggleik

**Karlar**
- Björgvin Þorsteinsson - 6
- Úlfar Jónsson - 6
- Birgir Leifur Hafþórsson - 6
- Magnús Guðmundsson - 5
- Björgvin Sigurbergsson - 4

**Konur**
- Karen Sævarsdóttir - 8
- Ragnhildur Sigurðardóttir - 4
- Ólöf M. Jónsdóttir - 4
- Guðfinna Sigurþórsdóttir - 3
- Jóhann Ingólfsdóttir - 3
- Sólveig Þorsteinsdóttir - 3

**Birgir Leifur Hafþórsson hefur unnið þrjú af síðustu fimm Íslandsmótum í höggleik sem hann hefur tekið þátt í en hann var ekki með á Akranesi í fyrra.**




## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu, forkeppni**

**FH - Dundalk 2-2**
1-0 Sam Hewson (20.), 1-1 David McMillan (52.), 1-2 David McMillan (62.), 2-2 Kristján Flóki Finnbogason (77.).
**Samanlagt 3-3 en Dundalk fer áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.**

Gríðarlegt áfall fyrir FH-liðið sem komst í 1-0 og var betra liðið í fyrri hálfleik. Dundalk tók yfir leikinn í upphafi seinni hálfleiks þar sem liðið skorað tvö mörk og klikkaði líka á vítaspyrnu.

**STÓRI SAM FÆR VERKEFNIÐ AÐ KOMA ENSKA LIÐINU AFTUR Í GANG EFTIR ÍSLANDSSKELLINN**



Enskir miðlar sögðu frá því í gærkvöldi að það verði hinn 61 árs gamli Sam Allardyce sem mun taka við enska landsliðinu í fótbolta af Roy Hodgson. Allardyce tók við Sunderland fyrir níu mánuðum og bjargaði liðinu frá falli en mun nú snúa sér að því að byggja upp enska landsliðið. Englendingar urðu fyrir miklu áfalli þegar íslenska fótboltalandsliðið sló lið þeirra út úr sextán liða úrslitum á EM í Frakklandi.

**TRISTAN SETTI MET Á HM**



Tristan Freyr Jónsson náði 9. sæti í tugþraut á HM 20 ára yngri í Bydgoszcz í Póllandi í gær en hann náði í 7.468 stig og bætti þar með sinn besta árangur og setti nýtt Íslandsmet í flokki 18-19 ára karla. Fyrra met átti Einar Daði Lárusson 7.394 stig.

**UNNU PÓLVERJA Í GÆR OG SPILA Í ÁTTA LIÐA ÚRSLITUNUM**

Strákarnir í tuttugu ára landsliðinu í körfubolta halda áfram að standa sig frábærlega á Evrópumótinu í Grikklandi. Íslenska liðið vann 62-60 sigur í spennuleik á móti Póllandi í gærkvöldi en Pólverjar voru ósigraðir fyrir leikinn. Íslensku strákarnir höfðu sterkari taugar í lokin og fögnuðu sigri í þriðja leiknum í röð. Íslenska liðið vann þar með riðilinn sinn og mætir Georgíu í átta liða úrslitunum á föstudagskvöldið. Grindvíkingurinn Jón Axel Guðmundsson var með 16 stig, 6 fráköst og 6 stoðsendingar í sigrinum á Póllandi og Haukamaðurinn Kári Jónsson bætti við 13 stigum og 5 stoðsendingum. Miðherjinn að norðan, Tryggvi Hlinason var með 9 stig og 7 fráköst og Njarðvíkingurinn Kristinn Pálsson skoraði 8 stig og tók 10 fráköst.




## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **16.00** | **UL Intern. Crown** | Golfstöðin |
| **20.00** | **Canadian Open** | Golfstöðin |
| **19.15** | **Keflavík - HK** | Nettóv. |
| **19.15** | **Haukar - Grindavík** | Ásvellir |
| **19.15** | **Huginn - Fjarðab.** | Seyðisf.v. |

# ALDREI FRJÁLSARI EN Á HJÓLINU

**TRI kynnir** Erla Sigurlaug Sigurðardóttir er fertug tveggja barna móðir sem stundar hjólasport af áhuga. Hún vann Bláalónsþrautina, Gullhringinn og Vesturgötuna, þar sem hún varð Íslandsmeistari kvenna í maraþonfjallahjólreiðum.

**Af hverju byrjaðirðu að hjóla?** Ég æfði crossfit hjá Crossfit XY um tveggja ára skeið og stöðin sendi lið í WOW Cyclothonið fyrir tveimur árum. Svo tíu dögum fyrir WOW-ið rifbeinsbrotnaði einn liðsmaðurinn og ég ákvað að prófa. Fékk lánaðan „racer“, fór á eina æfingu og svo í cyclothonið og elskaði það. Keypti svo racer-inn sem ég fékk lánaðan og hjólaði allt það sumar ásamt því að stunda crossfit. Ég hvíldi svo hjólreiðarnar um veturinn og æfði bara og keppti í crossfit. Síðastliðið vor fékk ég svo brjósklos og ákvað eftir það að hvíla það að lyfta þyngdum á bakið og einbeita mér að hjólreiðunum. Ég æfði því á æfingahjóli eða „trainer“ síðastliðinn vetur og kom því vel æfð undan vetri fyrir hjólasumarið í sumar.

**Hefurðu hjólað erlendis?** Já, ég fór til Tenerife í æfingaferð í febrúar og svo hef ég einu sinni farið til Mallorca að hjóla. Það er auðvitað æðislegt að hjóla úti, hitinn fer vel með líkamann og skemmtilegar og krefjandi leiðir í fjöllunum. Ég vann svo hjólaferð til Mallorca núna í september fyrir sigurinn í Kia Gullhringnum og get ekki beðið eftir því stuði!

**Þú hefur unnið þrjú stærstu hjólamót landsins undanfarið: hvernig ferðu að þessu?** Ég æfði sæmilega vel síðastliðinn vetur og er greinilega að uppskera vel og á réttum tíma. Ég hef í raun ekki æft mikið í sumar, meira bara keppt og jafnað mig þess á milli. Þetta eru allt frekar ólíkar keppnir, Bláalónsþrautin er tveggja tíma fjallahjólakeppni sem er hröð en ekki mjög tæknileg, en ég fékk fjallahjólið mitt bara í fertugsafmælisgjöf í maí, svo ég er í rauninni byrjandi á fjallahjóli. Það virðist henta mér að vinna lengi á háum púls og þessar keppnir eru allar 2-3 klukkutímar. Ég er kannski ekki enn orðin mjög tæknilega flink á fjallahjólinu en langar að læra meiri tækni til að geta brölt meira. Kia Gullhringurinn er skemmtileg götuhjólakeppni á Laugarvatni, 105 km, þar sem konur og karlar mega vinna saman, en götuhjólreiðar snúast að miklu leyti um samvinnu. Ég elskaði það að hanga með körlunum á 37 km meðalhraða þessa leið og leið vel allan tímann. Vesturgatan, sem einnig var Íslandsmeistaramót í maraþonfjallahjólreiðum var um síðustu helgi á Þingeyri. Þar var hjólaður svokallaður Svalvogahringur, 55 km í ægifagurri náttúru og ég náði bara að keyra allt í botn allan tímann. Ég sá þar af leiðandi eitthvað lítið af þessari stórbrotnu náttúru og hjólaði því hluta leiðarinnar aftur daginn eftir, mjög rólega, til að njóta.



Hér fagnar Erla sigri á Íslandsmeistaramótinu í maraþonfjallahjólreiðum á Þingeyri.

> Ég hvet allar konur til að hjóla til keppni og skora á sig, á sínum forsendum.
> Erla Sigurlaug Sigurðardóttir



Erla er á Cube-hjóli og er afskaplega ánægð með bæði hjólið og þjónustuna hjá þjónustuaðilunum. „Ég er bara að skemmta mér. Þetta er oft mjög erfitt en mér finnst erfitt bara svo sjúklega gaman!“

**Verður þú vör við aukna þátttöku kvenna í þessu sporti** Já, algjörlega. Enda konur jafnt sem karlar sem betur fer að að finna og uppgötva frelsið og kikkið sem fylgir því að hjóla. Hjólreiðar eru alls konar og það geta allir fundið sína fjöl í þessu sporti. Og mörg frábær hjólafélög og klúbbar með æfingar og samhjól sem henta alls konar hjólurum. Konur hafa finnst mér verið frekar ragar við að skrá sig til keppni, en með auknum margbreytileika hjólamóta held ég að fleiri konur fari að sjá hvað það er gaman að vera með. Stemningin í kringum mótin er oft aðalatriðið, félagsskapurinn og eins og með Reykjavíkurmaraþonið og öll þessi hlaup má líta á hjólamótin sem skemmtilega viðburði sem gaman er að taka þátt í. Ég hvet allar konur til að hjóla til keppni og skora á sig, á sínum forsendum. Það er svakalega gaman og gefur manni óendanlegt kikk!

**Skiptir það miklu máli á hvernig hjóli maður er?** Já, það skiptir mjög miklu máli, að minnsta kosti ef þú ert að keppa við sekúndurnar og jafnvel sekúndubrotin. Ég er hluti af Team Cube sem hjólar þá á Cube-hjólum. Þau eru þýsk og þrjósk og gæðaleg eftir því! Starfsfólkið í TRI hjólaverslun, sem selur Cube, hefur sinnt mér vel. Þau taka hjólin í gegn fyrir keppni og gefa góð ráð fyrir „byrjanda“ í sportinu eins og mig. Ég elska hjólin mín og tala oft við þau og syng fyrir þau og það er almennt frábært samband okkar á milli. Mig langar svo bara í fleiri hjól, „racer“ og fjallahjól eru eitt, en svo er það „cyclocross“-hjólið, fulldempaða fjallahjólið og „fat bike“… það er endalaust hægt að bæta við sig hjólum og leika sér, en þetta snýst einmitt fyrst og fremst um að leika sér og hafa gaman! Ég er aldrei frjálsari en á hjólinu.

















**$igmund klæðist hér peysu frá Acne Studios og er með sólgleraugu frá Versace.** MYNDIR/HANNA

# GERIR GÓÐA DÍLA

**$igmund** er rappari úr 101 Reykjavík sem hefur áhuga á vönduðum vörum og flíkum sem eru framleiddar í takmörkuðu upplagi. Réttu fylgihlutirnir skipta miklu máli og áhugi á tísku er alltaf að aukast.

Rapparinn $igmund er ættaður úr póstnúmeri 101, hjarta Reykjavíkur að eigin sögn. Í byrjun sumars kom úr fyrsta plata hans, Glópagull, sem hann vann með teyminu sínu en þeir félagarnir hafa samið tónlist saman undanfarið ár. Hann lýsir fatastíl sínum sem fullkomnum milliveg á milli „streetwear“ og „menswear“ og segist hafa áhuga á vönduðum vörum og flíkum sem eru framleiddar í takmörkuðu upplagi.



**Buxur frá Levi's og peysan frá Acne Studios. Skórnir eru Yeezy 750 Boost sem er samstarfsverkefni Adidas og Kanye West. Sólgleraugun eru frá Acne Studios.**

**HVENÆR FÉKKSTU ÁHUGA Á TÍSKU?** Ég hef haft áhuga á tísku í langan tíma en sá áhugi hefur stigmagnast á síðustu árum. Sjálfur hef ég góðan smekk fyrir merkjavöru og geng um í einhverju fersku á hverjum degi. Næsta haust hef ég nám við LHÍ þar sem ég mun læra fatahönnun.

**HVERNIG BLANDAST TÓNLISTAR- OG TÍSKUHEIMURINN?** Tónlist og tíska blandast mikið saman. Allir tónlistarmenn og listamenn sem ég fylgist með eru með góðan stíl. Ég fylgist að sjálfsögðu með hverju þeir klæðast og út frá því kynnist maður nýjum straumum.

**HVERNIG FYLGIST ÞÚ MEÐ TÍSKUNNI?** Það er auðvelt að fylgjast með tísku með öllum þessum samfélagsmiðlum. Instagram er góður miðill til að vera með á nótunum en annars eru blöð eins og Vouge eða Fantastic Man í uppáhaldi.

**ÁTTU ÞÉR UPPÁHALDSVERSLANIR?** Heima eru það Húrra Reykjavík og JÖR. Annars versla ég mest á netinu eða erlendis því það er ekki hægt að nálgast megnið af merkjunum sem ég fíla hér á landi. Uppáhaldsbúðirnar erlendis eru Acne Studios, A Bathing Ape og Supreme.




**Hér klæðist $igmund Yeezy 750 Boost skóm sem eru samstarfsverkefni Adidas og Kanye West. Buxurnar eru frá Levi's og peysan frá Supreme. Jakkinn er frá A Bathing Ape og er í miklu uppáhaldi. Sólgleraugun eru frá Acne Studios.**

**HVERJIR ERU UPPÁHALDSHÖNNUÐIRNIR?** Heima er það Guðmundur Jörundsson og teymið á bak við JÖR. Erlendis myndi ég segja að Virgil Abloh, sem er á bak við fatamerkið Off White, stæði upp úr í ár. Einnig mætti nefna Jerry Lorenzo hjá Fear of God.

**ÁTTU ÞÉR UPPÁHALDSFLÍK?** Það er jakki frá Bathing Ape sem ég keypti í New York. Ég myndi segja að hann lýsi mér vel.

**BESTU OG VERSTU FATAKAUP?** Fyrrnefndur Bathing Ape-jakki var gerður í mjög takmörkuðu upplagi þannig að ég var heppinn að ná eintaki. Ég get ekki nefnt neitt sem mín verstu kaup, ég geri bara góða díla.

**NOTAR ÞÚ FYLGIHLUTI?** Fylgihlutir skipta miklu máli og geta haft mikil áhrif á heildarútkomuna. Ég nota eyrnalokka, hringa, keðjur, úr og sólgleraugu. Ég fer ekki út úr húsi án þess að vera með gullhringana mína. Sólgleraugu eru einnig í miklu uppáhaldi hjá mér en ég á ein góð frá Versace og önnur frá Acne sem eru að koma fersk inn í sumar.

**HVAÐ ER AÐ GERAST Í TÓNLISTINNI?** Við gáfum nýlega út fyrstu plötuna okkar og síðan þá höfum við verið að spila á tónleikum hér og þar, t.d. Secret Solstice. Í lok júlí fer ég í þriggja vikna ferð um Japan og kem heim rétt áður en ég byrja í fatahönnunarnáminu. Þessa dagana erum við að vinna í nýrri tónlist sem við ætlum að gefa út í kringum Airwaves-tónlistarhátíðina en þar komum við fram í fyrsta skipti. Góðir tímar fram undan. **starri@365.is**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429


TRI
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
KENDA
SHIMANO
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
ParkTool
CUBE HYBRID
CUBE RACE
CUBE 29"
Vegna hagstæðari samninga og styrkingu krónunnar höfum við lækkað verðin á CUBE reiðhjólunum!
WWW.TRI.IS
drink it... feel it...
Xenofit
www.xenofit.de
#cube_your_life!
CUBE
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00












Solange var gul sem sólin í vor á Manus x Machina: tíska á tækniöld, búningastofnunargalaveislunni sem haldin var á Metropolitan-safninu í New York.



Hér má sjá Solange í áberandi rauðappelsínugulu og takið eftir að meira að segja augnskugginn er í stíl. Þessi mynd er tekin rétt áður en hún steig á svið á FYF-tónlistarhátíðinni í Los Angeles í fyrrahaust.

# SOLANGE KNOWLES ER ALLTAF Í LIT

**Solange** er vissulega frægust fyrir að vera litla systir stóru systur sinnar en hún stendur fyllilega fyrir sjálfri sér sem lagahöfundur og tískufyrirmynd. Litagleðin er allsráðandi hjá henni í sumar.

Lífið er í lit í sumar og haust og litagleðin allsráðandi, bæði bjartir litir en einnig sand- og kanellitur í bland. Tískulöggjöfin hefur löngum verið ströng þegar kemur að litagleði og eitt af því sem hefur þótt ómögulegt er að fara yfir um í uppáhaldslitnum sínum og vera í kjól, buxum og skóm í sama lit og jafnvel með eyrnalokka, armband og tösku í sama litnum líka eða aðeins ljósari eða dekkri blæbrigðum. Tískufrumkvöðlar eins og Solange Knowles hafa þó sagt þessum litalöggum stríð á hendur og velja sér nú samlituð föt og fylgihluti og bera höfuðið hátt enda er það ekki liturinn sem skiptir máli – nema að hann sé töff.

Solange Knowles er best þekkt fyrir að vera litla systir hennar Beyoncé en stendur svo sannarlega fyrir sínu. Hún hefur samið lög frá níu ára aldri og hóf að taka upp fyrstu sólóplötu sína þegar hún var fjórtán ára en platan kom út þegar hún var sautján. Hún lagði stund á leiklist, tónlist og söng frá unga aldri og hefur gert það gott sem fyrirsæta og var meðal annars andlit snyrtivörufyrirtækisins Rimmel um tíma og einnig sérlegur sendiherra gallabuxnalínu Armani sem átti að höfða til hinna ungu og svölu. Þá hefur Solange einnig leikið í sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Solange hefur samið lög sem aðrir tónlistarmenn hafa flutt, meðal annars átt lög á sólóplötum allra meðlima ofurstúlkugrúppunnar Destiny's Child. Fjórða sólóplata hennar er nú væntanleg. Samanburður við stóru systur er óumflýjanlegur en þær hafna því báðar að það sé samkeppni á milli þeirra en leggja áherslu á að þær séu mjög ólíkir listamenn og styðji hvor aðra í systrakærleik. Eitt þekktasta dæmið um það er þegar Solange réðst að mági sínum Jay-Z í lyftu í maí 2014. Ástæðurnar voru lengi óþekktar en nú tengja flestir þessa árás við uppljóstranir um framhjáhald Jay-Z sem Beyoncé opinberaði fyrir heiminum með listaverkinu Lemonade sem kom út í vor.

Solange hefur vakið mikla athygli fyrir klæðaburð en hún þykir hafa einkar gott auga fyrir tísku og sést gjarnan í fötum eftir heimsþekkta hönnuði eins og Alexander Wang og Alexander McQueen. Einnig klæðast þær systur báðar gjarnan fötum úr fatalínu fjölskyldunnar, House of Deréon, sem nefnt er í höfuðið á ömmu þeirra. Þá vakti einnig gríðarlega athygli að hún skyldi leyfa hárinu á sér að vaxa óáreittu og eins og það er frekar en að temja það með hárlengingum eða nota hárkollu eins og flestar svartar konur.

Hér má sjá Solange í nokkrum skemmtilegum litaútgáfum af sjálfri sér.



Vínrauður samfestingur og rúskinnssandalar í sama lit á Tibi-tískusýningunni í febrúar.



Solange var gestgjafinn í partíinu You've got to be seen green! sem haldið var í Grasagarðinum í Brooklyn.



Hvítklædd frá toppi til táar á góðgerðartónleikum á vegum samtakanna Make it right í New Orleans.






Markmið Provision er að létta lífið fólki sem haldið er augnsjúkdómum.

# TVÖFÖLD VIRKNI – SEX SINNUM LENGRI ENDING

**Provision kynnir** Provision heildsala var stofnuð árið 2007. Fyrirtækið hefur það hlutverk að opna augu almennings fyrir augnheilbrigði. Nýjasta vara Provision eru augndropar með tvöfalda virkni. Vörur sem veita fólki aukna vellíðan og þægindi.

„Provision heildsala var stofnuð árið 2007. Fyrirtækið hefur það hlutverk að opna augu almennings fyrir augnheilbrigði. Með það að leiðarljósi flytjum við inn vörur sem ekki bara stuðla að augnheilbrigði, heldur er markmið fyrirtækisins að létta fólki sem haldið er augnsjúkdómum lífið. Því er leitast við að finna vörur sem hafa eitthvað meira fram að færa en þær sem fyrir eru á markaðnum," útskýrir Guðný Rósa Hannesdóttir, markaðs- og vörustjóri Provision.

**NÝ VARA – NÁTTÚRULEG VÖRN GEGN AUGNÞURRKI**

„Nýjasta varan hjá Provision eru augndropar með tvöfalda virkni, eins og nafnið Thealoz Duo gefur til kynna. Thealoz Duo er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar. Til þess að koma jafnvægi á tárafilmuna notum við náttúrulegu efnin trehalósa og hýalúronsýru sem smyr yfirborð hornhimnunnar og gefur henni raka.

Trehalósi er náttúrulegt efni sem finnst hjá mörgum jurtum og dýrum sem lifa í mjög þurru umhverfi. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar trehalósa gefa efninu verndandi, andoxandi og rakagefandi eiginleika. Þeir vernda og stuðla að jafnvægi í frumuhimnum með því að hindra skemmdir á próteinum og lípíðum, auk andoxunaráhrifa.

Hýalúronsýru er að finna í augunum og hún hefur einstaka getu til að binda vatn. Hjálpar til við að smyrja og viðhalda táravökvanum á yfirborði augans."

## LANGVARANDI LAUSN

- Thealoz Duo styrkir tárafilmuna sexfalt lengur en hýalúronsýra eins og sér.
- Marktæk aukning verður á þykkt tárafilmunnar sem verndar augað.
- Áhrifin vara í fjórar klukkustundir, samanborið við um 40 mínútur eingöngu með hýalúronsýru.

Gott er að setja dropa ávallt kvölds og morgna, síðan eftir þörfum yfir daginn.

„Nýjasta varan hjá Provision eru augndropar með tvöfalda virkni. Thealoz Duo er ný aðferð við meðhöndlun augnþurrks sem sækir innblástur beint til náttúrunnar.

Guðný Rósa Hannesdóttir



**SNJALLAR UMBÚÐIR**

Handhæg fjölskammtaflaska sér til þess að augndroparnir eru sérlega mildir fyrir augun. Þeir eru án rotvarnarefna og henta því vel þeim sem nota augnlinsur.

Nota má flöskuna í allt að þrjá mánuði eftir opnun.

Síuhimna er í tappanum sem kemur í veg fyrir að bakteríur berist á milli.

**www.provision.is**




## LAUSN VIÐ AUGNÞURRKI

**Augnþurrkur er afar algengt vandamál. Líklegt er að um 15.000 Íslendingar þjáist af þurrum augum. Mörgum þykir einkennilegt að aukið táraflæði sé eitt algengasta einkenni þurra augna.**

**Tölvunotkun** Við blikkum um 40% sjaldnar þegar við horfum á tölvuskjá heldur en bók. Þetta veldur aukinni uppgufun tára. Viftur í tölvum geta einnig þurrkað upp andrúmsloftið í kringum tölvunotandann.

**Snertilinsur** Valda oft þurrum augum vegna þess að linsurnar soga í sig tár og minnka aðgengi tára að hornhimnu.

**Lyf** Mörg lyf valda þurrum augum, s.s. slímhúðarþurrkandi lyf (decongestants), mörg ofnæmislyf, þvagræsilyf, betablokkarar (háþrýstingslyf), ýmis svefnlyf, þunglyndislyf, verkjalyf. Þess má geta að alkóhól minnkar táraframleiðslu.

**Þurrt loft** Einnig er mjög þurrt loft á Íslandi. Við erum mikið þar sem er loftræsting, t.d. á vinnustöðum, í skólum, í bílnum og á fleiri stöðum. Frjókornaofnæmi og annað ofnæmi ertir oft augun. Gjólan/rokið hér á landi veldur oft miklu táraflæði, það er merki (einkenni) um augnþurrk.




## ÞRENNA SEM VEITIR VELLÍÐAN

**Samspil augnheilbrigðisvara er að vinna vel á hvarmabólgu og þurrum augum.**

- **Dauðhreinsaðir blautklútar** (Blephaclean) til að hreinsa hvarma og svæðið kringum augun.
- **Augndropar án rotvarnarefna** (Thealoz/DUO) veita góðan raka og vernda.
- Síðan er það **Augnhvílan** sem fyllt er með hörfræjum, hún hitar hvarmana sem er gott vegna stíflaðra fitukirtla. – Með tilkomu augnheilbrigðisvara er meðferðin orðin mýkri fyrir augun og húðina í kring en öflugri gegn bakteríum.

provision

VÖRUR PROVISION FÁST Í APÓTEKUM UM ALLT LAND











Sterkir litir eru í uppáhaldi.


Mikið hár og dökkar brúnir.


Bleikt og rautt.

# MÓÐIRIN HNEYKSLUÐ Á FATASMEKKNUM

Söng- og leikkonan **Paloma Faith** er skrautlegur karakter. Eldrauður varalitur og þykkar augabrúnir undir úfnu ljósu hári eru hennar stíleinkenni og þá leiðast henni ekki sterkir litir. Hún er 35 ára í dag.

Paloma Faith er 35 ára í dag og gengst við því. Það hefði hún ekki gert fyrir nokkrum árum en hún hélt því lengi vel fram að hún væri fjórum árum yngri en hún er í raun, eða þar til fæðingarvottorðið hennar fór á flakk á netinu og fæðingarárið varð opinbert. Hún sagðist hafa logið til um aldur af ótta við að plötufyrirtækin vildu ekki semja við hana, þætti hún of gömul. Sjálfri finnst henni þó aldur engu máli skipta.

Paloma þykir líflegur karakter. Hún sagði frá því opinberlega að hún hefði fiktað við úrslit einnar umferðar í þættinum The Voice, þar sem hún var dómari. Hún var harðlega gagnrýnd fyrir uppátækið.

Paloma þykir einnig hafa afar líflegan fatstíl og kemur iðulega fram á tónleikum skrautleg til fara. Eldrauður varalitur, þykkar dökkar augarúnir og mikið hár eru einkennandi fyrir stíl hennar.

Hún hefur sagst hafa veggfóðrað herbergið sitt með myndum af Marylin Monroe sem unglingur og hafa gaman af því að klæða sig upp í korselett og galakjóla. Mamma hennar, af hippakynslóðinni sem brenndi brjóstahaldarana, sé stórhneyksluð á fatasmekknum. Paloma hefur sagt ákveðið frelsi fylgja því að vera fræg poppstjarna, hún megi klæða sig eins og henni sýnist og komist upp með skrautlega búninga. Hún sæki innblástur meðal annars til Edith Piaf, Billie Holiday, Bjarkar og Grace Jones.

Paloma hefur líka lýst því hvernig hún hengir fötin sín á slár um alla íbúð heima hjá sér og notar ekki lokaða fataskápa.




Skrautleg á tónleikum.


Fer sínar eigin leiðir.


Breska söng- og leikkonan Paloma Faith er 35 ára í dag.


Rauði varaliturinn setur punktinn yfir i-ið.



## Pippa í silki

Hin nýtrúlofaða Pippa Middleton, 32 ára, mætti á mánudag í hina árlegu garðveislu hjá Frost-fjölskyldunni í London. Veislan er fjáröflun í samvinnu við bresku hjartaverndarsamtökin. Pippa var í glæsilegum sumarkjól úr silki frá breska tískumerkinu L.K. Bennet. Bæði Pippa og systir hennar, Kate hertogaynja, eru leiðandi í tískuheiminum. Þær styrkja því breska tískuhönnuði með því að klæðast vörum frá þeim.

Pippa kom í veisluna með Eugenie prinsessu og virtist fara vel á með þeim. Það var um síðustu helgi sem James Matthews, 40 ára, fór á hnén til að biðja hennar í rómantískri ferð um England.

## Ekkert að stressa sig á sundbolafari

SwimMiami-tískuvikan var haldin í Flórída í síðustu viku en þar kynntu fremstu sundfatahönnuðir heims brakandi ferskan sundfatnað á konur og karla. Mikið var um útskorna sundboli, rendur, blúndur og bönd hingað og þangað. Svo virðist sem minna sé lagt upp úr því að konur fái jafnt sundfatafar en áður og ljóst að sumar eiga eftir að koma skemmtilega munstraðir heim af ströndinni. Sundfötin voru hins vegar mörg prýdd fallegum smáatriðum og útsaumi og eru mörg hver mikið fyrir augað eins og sjá má. Tíminn verður svo að leiða í ljós hvort þau berist hingað heim á sundlaugarbakkana.



# BANDERAS LEIKUR VERSACE

Hjartaknúsarinn Antonio Banderas hefur tekið að sér hlutverk Gianni Versace í kvikmynd um ævi tískuhönnuðarins ástsæla sem fæddist árið 1946 á Ítalíu og var myrtur 15. júlí 1997 á tröppunum heima hjá sér í Miami. Versace var einn merkasti og áhrifamesti tískuhönnuður tuttugustu aldarinnar og tískuhús hans Versace, sem nú er stjórnað af systur hans Donatellu, er enn þá meðal risa tískuheimsins. Banderas er mjög spenntur fyrir hlutverkinu sem hann segir sameina helstu ástríður sínar í lífinu; leiklist og fatahönnun, en á síðasta ári skráði hann sig einmitt í virtan fatahönnunarháskóla til að læra að hanna karlmannaföt. Billie August leikstýrir myndinni sem verður frumsýnd á næsta ári þegar tuttugu ár verða liðin frá andláti Versace. Fjölskylda Versace sendi frá sér yfirlýsingu á dögunum þar sem kemur fram að hún muni ekki taka neinn þátt í gerð myndarinnar sem bæri að líta á sem „skáldverk og ekkert annað“. Mikið af upplýsingum er þó til um líf tískurisans og hægt að ganga út frá því að mynd um ævi hans verði seint lágstemmd eða leiðinleg.



**Antonio Banderas tekur að sér hlutverk tískurisans Gianni Versace í nýrri kvimynd um ævi hins síðarnefnda.**



# SPJÁTRUNGURINN JOSHUA KANE

Klæðskerinn og tískuhönnuðurinn breski **Joshua Kane** hefur vakið athygli, ekki aðeins fyrir frumlega og líflega hönnun heldur þykir hans eigin stíll skemmtilega spjátrungslegur. Flottur gaur.



Kane lærði hönnun og klæðskerasaum við Kingston-háskólann í London. Þaðan fór hann til að hanna fyrir merki á borð við Paul Smith, Jaeger og Burberry Prorsum. Meðfram starfi sínu hannaði hann og saumaði föt á sérvalinn kúnnahóp. Smám saman varð eftirspurnin meiri og á endanum ákvað hann að stofna sitt eigið fatamerki. Undir eigin nafni hannar hann „ready to wear“ línur á bæði kynin en sinnir auk þess sérhönnun og klæðskeraiðninni.

Eigin stíll Kanes hefur vakið athygli ekki síður en hönnun hans. Innblástur fyrir eigin útliti segir hann koma frá hinum upprunalega „dandy“ eða spjátrungi, Beau Brummell, sem uppi var á Englandi um aldamótin 1900. Hann segist þó oft draga inn í stíl sinn hluti frá öðrum tímabilum, allt eftir því í hvernig skapi hann er.



Joshua Kane við frumsýningu myndarinnar Absolutely fabulous og var klæðnaðurinn að venju alveg fabjúlös. Með honum á myndinni er Francesca Merricks. NORDICPHOTOS/GETTY


# Grillaðu eins og meistari!



Allt að **25% afsláttur** !

**OPNUNARTILBOÐ**

Miðlungs **126.900,-**
Stórt **159.900,-**

**Innifalið í verði**
Yfirbreiðsla, pizzasteinn, töng, auka eldunargrind, kjúklingastandur, skari.



Kamado grill eru einstök þegar þú vilt ná fram því besta í matargerðinni. Möguleikarnir eru endalausir hvort sem þú ætlar að reykja, baka, grilla eða steikja.

**Tryggðu þér einstakt Kamado grill á frábæru verði!**

AREX

| | | |
|---|---|---|
| AREX | Nýbýlaveg 8 (Portið) | Sími 8605565 |
| Opnunartími | Mán – Fös | 12:00 – 18:00 |
| | Lau. | 12:00 – 16:00 |




Hægt að panta á heimasíðunni
**kamadogrill.is**


SUMARÚTSALA
Cross skenkur
170 cm kr. 137.800
ÚTSÖLUVERÐ kr. 96.460
Crow stóll
Svartur/Hvítur kr. 18.900
ÚTSÖLUVERÐ kr. 15.120
Donna
kr. 28.800
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 23.040
Grace
kr. 19.900
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 15.920
Monica stækkanlegt borð
90x180/270 cm kr. 155.700
ÚTSÖLUVERÐ kr. 132.345
ilmkerti
kr. 5.490
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 4.118
20 - 50% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM
10% AFSLÁTTUR AF ÖÐRUM VÖRUM
Jake
kr. 23.900
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 17.925
Talia sófi
160 cm kr. 179.800
ÚTSÖLUVERÐ kr. 143.840
Evelyn
kr. 94.000
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 75.200
Teppi
kr. 9.980
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 6.986
Púði
kr. 11.900
ÚTSÖLUVERÐ
kr. 8.330
Finn skenkur
160 cm kr. 138.700
ÚTSÖLUVERÐ kr. 110.960
SÓFAR / SKENKIR / STÓLAR /SKÁPAR / BORÐSTOFUSTÓLAR
BORÐ / PÚÐAR / LJÓS / SMÁVARA
LÍNAN
BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

### Dýrahald



Til sölu svartir Schnauzer hvolpar frá Black Standard ræktun með ættbók frá HRFÍ. Tegund sem fer ekki úr hárum. Frekari upplýsingar í síma 862-6969 eða á FB síðu Black Standard.

## HÚSNÆÐI

### Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

### Húsnæði óskast

Óska eftir herbergjum eða íbúð fyrir starfsfólk á stór RVK svæðinu. Tryggar greiðslur. Uppl. í s. 897 1995 Sigurður.

### Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Leitum eftir dugmiklum starfskröftum á hjólbarðastöðvar Dekkjahallarinnar. 18 ára aldurstakmark. Fyllið út umsókn á dekkjahollin.is

Verktakafyrirtæki á Akureyri óskar eftir vönum járnabindingarmönnum. Símar: 820-7060 / 840-0609 vaverktakar@gmail.com

**FIRMA SSVERK.**

zatrudni pracowników do prac ziemnych przy ukladaniu swiatlowodów. Oferujemy duzo pracy i duzo nadgodzin. prosze dane i tel wyslac mailem na zircon@simnet.is & tel. 847 7663

**VEITINGARHÚS/BAR**

óskar eftir starfskrafti KVÖLD OG HELGARVAKTIR við afgreiðslu á bar. Helst vönu, aldur 25+. Íslensku kunnátta skilyrði.

**Umsóknir sendist á tjonusta@365.is**

### atvinna

# Þjónustustörf

**N1 leitar að dugmiklu starfsfólki á þjónustustöðvar sínar um land allt.**

Um er að ræða tímabundin störf og framtíðarstörf við afgreiðslu og önnur tilfallandi verkefni á stöðinni.

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is** undir **Framtíðarstarf.**

Framúrskarandi fyrirtæki · JAFNLAUNAVOTTUN VR · N1

### atvinna

# Starfsmenn
## í tiltektir á pöntunum

*Óskum eftir að ráða starfsmenn í söludeild að taka til pantanir í verslanir og veitingahús.*

***Vinsamlega hafið samband í síma:***
*Sófus gsm: 863 1938*
***eða sendið okkur póst á: sofus@ali.is***

4701#

Ali

### tilkynningar

# Auglýsing um Ljósleiðaravæðingu í Kjósarhreppi

**Lagning ljósleiðara í Kjósarhreppi 2016, 2017 og 2018 .**

Unnið er að lagningu á ljósleiðara um Kjósarhrepp sem á að veita öruggt netsamband í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að tengja öll lögheimili, fyrirtæki og frístundahús sem þess óska.

**Auglýst er eftir:**

**A** - Aðila eða aðilum sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingum í Kjósarhreppi á þessum árum á markaðslegum forsendum.

**B** - Hæfum aðila eða aðilum til að taka að sér að byggja upp og reka til framtíðar ljósleiðarakerfi með stuðningi frá Kjósarhreppi, komi til þess að enginn aðili svari lið A hér að ofan.

Aðilar sem óska eftir stuðningi frá sveitarfélaginu skulu uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa. Leggja skal fram raunhæfa verkáætlun.

Auglýsing um ljósleiðaravæðingu í Kjósarhreppi (liður A) var áður birt opinberlega í september 2015.

Áhugasamir aðilar skulu senda tilkynningu til Kjósarhrepps á netfangið gudny@kjos.is fyrir **kl.12:00 föstudaginn 19. ágúst 2016.**

*Guðný G Ívarsdóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps.*

### fasteignir



## Laugarnesvegur 100

**OPIÐ HÚS Í DAG**
**fimmtudaginn 21.júlí kl.17:00-17:30**



Bókaðu skoðun:
**Davíð Jónsson**
sölufulltrúi
sími: 697 3080
david@miklaborg.is



**Ásgrímur Ásmundsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 865 4120
asgrimur@miklaborg.is

Falleg og vel staðsett 5 herbergja íbúð á fyrstu hæð

Íbúðin er skráð 106,7 fm auk geymslu

Íbúðin var mikið endurnýjuð árið 2008, parket, eldhús og baðherbergi

Um er að ræða fallega og góða eign á þessum vinsæla stað miðsvæðis í Reykjavík

Verð: **41,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

# MIKIÐ TÆKIFÆRI Í FERÐAMANNAÞJÓNUSTU FRÁBÆR STAÐSETNING

HÖFÐI FASTEIGNASALA · Suðurlandsbraut 20 · Sími 533 6050 · Faxnr. 533 6055 · www.hofdi.is






**Hótel Bitra & Ferðamannamiðstöð, staðsett við gatnamót Hringvegs nr.1 og Seiðarvegar, u.þ.b. 15 km. austan við Selfoss.**

Búið er að samþykkja allt að 5.000 fm ferðamannamiðstöð á horninu auk þess að stækka hótelið í 5.500 fm eða um 120 herbergi.

Um er að ræða einstakt tækifæri til að kaupa rekstur á gistiheimili (Hótel) sem stendur á u.þ.b. 150 ha. Landi í Flóahreppi, allt á láglendi. Miklir möguleikar eru þarna fyrir hendi t.d. að byggja við og stækka reksturinn. Húsið sjálft er um 581 fm. að stærð, á þremur hæðum, byggt 1985, reisulegt og vel byggt með þykkum útveggjum. Íbúðarhúsið samanstendur af sér 3ja herbergja ca. 80 fm. íbúð, 18 herbergjum (37 fleti) sem leigð eru til ferðamanna, stóru eldhúsi, borðsal, setustofu og annarri sameiginlegri aðstöðu fyrir gesti. Umhverfi hússins er hið snyrtilegasta og við inngang er nýlegur stór pallur. Jörðinni tilheyra nokkrar ferskvatnsuppsprettur, s.s. Bitrulindir o.fl. Óskað er eftir tilboðum í eignina og reksturinn.

Allar nánari uppl. veitir Jóhann Friðgeir, s: 896-3038 eða á johann@hofdi.is

**Runólfur Gunnlaugsson lögg.fast**
**Ásmundur Skeggjason lögg.fast.**

# LUNDUR FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616
*Karl Gunnarsson og Kristján P. Arnarsson, löggiltir fasteignasalar*




**OPIÐ HÚS FRÁ KL. 17.30-18.30**

**Loksins það sem alltaf er verið að spyrja um - Góð íbúðarhæð með STÓRUM BÍLSKÚR.** Ca 90 fm íbúðarhæð á 1. hæð í þríbýli ásamt 42 fm bílskúr, samtals 131,8 fm auk sameignar og herbergis í kjallara. Góðar stofur, suður svalir, 2-4 herbergi. Stór bílskúr. Sameiginlegur inngangur með efri hæð. Hol, góð stofa og borðstofa, suður svalir. Ágætt eldhús með borðkrók. Tvö góð herbergi á hæðinni og aukaherbergi í kjallara. Flísalagt uppgert baðherbergi með sturtu. Gólfefni: parket, harðparkert og dúkur, flísar á baði. Innangengt úr forstofu í sameign í kjallara, þar ágætt aukaherbergi og sameiginlegt þvottahús þar sem hver er sína vél. Góð hellulögð innkeyrsla með hitalögn. Stór bílskúr með gluggum á suðurhlið og inngangi, rafmagn, hiti og vatnslagnir. Fallegur gróin garður og suðurlóð. Gott ástand á húsi. **Verð: 48,2. millj. Verðum á staðnum í dag á milli kl 17.30-18.30. Karl sími 898 2102.**

Sími 533 1616 • Þjónustusími 891-9916 • www.lundur.is • lundur@lundur.is

# OUTLET

## Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

| | |
|---|---|
| 200 | 3.000 |
| 500 | 4.000 |
| 1.000 | 5.000 |
| 1.500 | 6.000 |
| 2.000 | 8.000 |

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðbjörg Bergsveinsdóttir**
Grundargerði 4, Reykjavík,

lést sunnudaginn 17. júlí á
hjúkrunarheimilinu Sóltúni.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 22. júlí kl. 13.

**Bergsveinn Halldórsson  Eygló Aðalsteinsdóttir**
**Þórhallur Halldórsson  Margrét Guðmundsdóttir**
**Rúnar Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur sonur okkar, bróðir,
stjúpsonur og barnabarn,

**Valdimar Brynjar Atlason**

lést þann 13. júlí síðastliðinn.
Hann verður jarðsunginn frá
Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn
22. júlí klukkan 15.00.

**Atli Gautur Brynjarsson**
**Rakel Rut Valdimarsdóttir**
**Heiðar Páll**
**Mýa Ýrr**
**Kristjana Rut**
**Birgitta**
**Guðlaug Díana**
**Sara Ísabel**
**Jón Svan Sigurðsson**
**Kristjana S. Hjálmarsdóttir, Valdimar H. Birgisson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigurlaug Pétursdóttir**
síðast til heimilis að Sóltúni 2,
Reykjavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 17. júlí,
verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík
fimmtudaginn 28. júlí kl. 13.00.

**Björgvin V. Björgvinsson  Alma Björk Guttormsdóttir**
**Pétur Reimarsson  Hera Sigurðardóttir**
**Gréta R. Snæfells**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuð eiginkona mín, móðir og amma,

**Kolfinna Bjarnadóttir,**
Hvassaleiti 56,

lést á Landspítalanum mánudaginn
18. júlí. Útförin verður gerð frá
Bústaðakirkju fimmtudaginn
28. júlí, klukkan 15.00.

**Hinrik Bjarnason,**
**Bjarni Hinriksson, Anna Hinriksdóttir,**
**Breki og Hinrik Kolmar.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma, langamma
og langalangamma,

**Ingibjörg Pétursdóttir**
Hraunvangi 3, Hafnarfirði,
áður Hjarðartúni 1, Ólafsvík,

lést föstudaginn 8. júlí á Landspítalanum í Fossvogi.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við útför hennar.
Einnig þökkum við hjartanlega starfsfólki Landspítalans
fyrir góða umönnun og hjúkrun.

**Úlfljótur Jónsson**
**Edda Úlfljótsdóttir  Ólafur Óskar Stefánsson**
**Logi Úlfljótsson  Sigrún Friðgeirsdóttir**
**Vala Úlfljótsdóttir  Marinó Viborg**
**Jón Pétur Úlfljótsson  Paloma Ruiz Martinez**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Arnór í landsliðsgallanum og til í slaginn.**

# Verðlaunahafi í efnafræði

**Arnór Jóhannsson er á leiðinni til Georgíu að keppa á Ólympíuleikunum í efnafræði en þetta er í annað sinn sem hann heldur á Ólympíuleikana í greininni. Hann er nýkominn heim af norrænu efnafræðikeppninni þar sem hann hlaut bronsverðlaunin.**

Arnór Jóhannsson er nýstúdent úr MR og var að koma frá Danmörku þar sem hann hafnaði í þriðja sæti í Norrænu efnafræðikeppninni sem fór fram þar í landi dagana 4. til 9. júlí. Arnór er einnig í Ólympíuliðinu í efnafræði sem heldur út til Georgíu þar sem Ólympíuleikarnir í greininni fara fram 23. júlí og fram til 1. ágúst – mótið átti upphaflega að fara fram í Pakistan en það reyndist illmögulegt svo keppnin var færð yfir til Georgíu. Á leikunum mætast fjögurra manna lið frá um 60 löndum og er þetta í annað sinn sem Arnór er í íslenska liðinu sem keppir á mótinu.

„Það er skipt í verklegan og bóklegan hluta. Það eru þrjár verklegar æfingar og tíu stórar spurningar í bóklega hlutanum. Dæmi um hluti sem gætu verið í verklega hlutanum er til dæmis efnagreinin og efnasmíði. Þetta snýst mikið um æfingu og að hafa góð tök á efninu,“ útskýrir Arnór beðinn um að útskýra hvernig keppni í efnafræði fer fram og hvernig mögulegt sé að vera góður í faginu.

> **Þetta snýst mikið um æfingu og að hafa góð tök á efninu.**

„Við höfum tvo þjálfara og það eru leyfilegar tvær vikur í bóklegri og verklegri þjálfun. Við fáum undirbúningsdæmi sem þjálfararnir fara yfir með okkur – fræðin bak við þetta og síðan tilraunir sem við æfum,“ svarar Arnór því hvernig æfingar í faginu gangi fyrir sig.

Hvert er síðan förinni heitið í frekara nám, þú hlýtur nú að fara í efnafræðinginn eftir allan þennan árangur í faginu? „Nei, ég er reyndar að fara í stærðfræði með tölvunarfræði sem kjörsvið. En efnafræðin er alltaf til vara,“ segir Arnór sem er greinilega með framtíðarplönin á hreinu og efnafræðin fær að fara í smá dvala, í bili að minnsta kosti. Það verður spennandi að sjá hvort íslenska liðinu takist að hafna í verðlaunasæti þetta árið enda ekki amalegt að eiga Ólympíuverðlaunahafa í efnafræði.

**stefanthor@frettabladid.is**



Móðir okkar,

**Ásta Pétursdóttir**
húsfreyja á Björgum,

lést 19. júlí.

**Hlöðver, Sólveig, Þorgeir og Kristjana.**



Elskuleg móðir mín, amma okkar
og langamma,

**Rósa Gunnarsdóttir**

lést föstudaginn 15. júlí. Útför hennar
fer fram þriðjudaginn 26. júlí kl. 13.00 frá
Fossvogskirkju. Þeir, sem vilja minnast
hennar, látið líknarfélög njóta þess.

**Gígja Árnadóttir**
**Gunnar Hjartarson, Rósa Hjartardóttir,**
**Björg Hjartardóttir**
**og langömmubörnin.**



Elsku besti eiginmaður minn,
sonur, pabbi okkar, tengdapabbi,
afi og tengdasonur,

**Gísli Benediktsson**
viðskiptafræðingur,
Tjarnarmýri 11, Seltjarnarnesi

lést í faðmi ástvina á Landspítalanum
síðastliðinn þriðjudag. Útförin verður í Hallgrímskirkju,
föstudaginn 22. júlí klukkan 15.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á SPES barnahjálp
reikn.nr. 342-26-2200, kt. 471100-2930.

**Eva María Gunnarsdóttir**
**Benedikt Antonsson**
**Davíð B. Gíslason  Brynhildur Þorgeirsdóttir**
**María Gísladóttir  Einar Kristinn Hjaltested**
**Eva Björk, Þorgeir Bjarki, Anna Lára, Benedikt Arnar**
**Hrefna María, Hrafnhildur, Karólína**
**Katrín Eva og Ari Gísli**
**Margrét Magnúsdóttir**



Okkar ástkæra

**Karitas Ingibjörg Jónsdóttir**
Aðalstræti 20, Bolungarvík,
áður húsfreyja á Miðdal,

lést á Sjúkrahúsi Ísafjarðar 12. júlí
síðastliðinn. Jarðsungið verður frá
Hólskirkju, Bolungarvík, laugardaginn
23. júlí klukkan 14.00.

**Birgir Bjarnason, börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Nýtt

# Mmmm ...

# Möndlustykki frá Myllunni




## *Smakkaðu nýju Möndlustykkin frá Myllunni strax í dag!*

Dúnmjúk og nýbökuð, fullkomin með kaffibollanum eða mjólkurglasinu. Möndlukakan frá Myllunni hefur verið ein vinsælasta kaka þjóðarinnar um áraraðir. Nú getur þú gripið með þér gómsæta nýjung, Möndlustykki frá Myllunni í næstu verslun.

Komdu fjölskyldunni á óvart og bjóddu upp á Möndlustykki frá Myllunni með kaffinu í dag.

*Settu Myllu Möndlustykki í nestispakkann – fullkominn biti í lok máltíðar.*




## *Taktu nýju Möndlustykkin frá Myllunni með í ferðalagið*

Það eru fjögur fullkomin Myllu Möndlustykki í hverjum pakka. Möndlustykkin eru í handhægum umbúðum sem fara vel í farangrinum. Myllu Möndlustykkin eru tilvalinn ferðafélagi í útileguna, gönguferðina eða fjallgönguna.

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

@myllubraud /Myllubraud

*Kynntu þér vörur Myllunnar á **myllan.is** og fylgstu með okkur á **facebook og Twitter***

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Austan og norðaustan 3-10 m/s. Víða dálítil rigning, en dregur úr úrkomu suð-austan- og austanlands þegar kemur fram á daginn. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast í innsveitum.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 7° | 15° |
| ↖ 3 | ↙ 3 | → 3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 14° | 11° | 8° |
| ↑ 5 | ← 3 | ↑ 5 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 10° | 11° |
| ↓ 4 | ↓ 3 | ↙ 0 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 15° | 10° | 11° |
| ↑ 8 | ← 4 | ↑ 5 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. pest
6. í röð
8. sauðagarnir
9. kverk
11. hef leyfi
12. yfirstéttar
14. félagsskapur
16. hvað
17. skjön
18. klampi
20. grískur bókstafur
21. djamm

**LÓÐRÉTT**
1. afl
3. tveir eins
4. skipafélag
5. hamfletta
7. soðbrauð
10. óvild
13. festing
15. heimsálfu
16. hungur-vesöld
19. gangþófi



**LÁRÉTT:** 2. kvef, 6. rs, 8. vil, 9. kok, 11. má, 12. aðals, 14. klíka, 16. ha, 17. mis, 18. oki, 20. pí, 21. rall.
**LÓÐRÉTT:** 1. orka, 3. vv, 4. eimskip, 5. flá, 7. soðkaka, 10. kal, 13. lím, 15. asíu, 16. hor, 19. íl.

### Skák Gunnar Björnsson

Wei Yi (2.696) átti leik gegn Anish Giri (2.785) í sjöttu umferð Bilbaó-mótsins.

**33.c4!** (lokar biskupinn af) **33... gxf4 34.Kxf4 f6 35.exf6 Kxf6 36.g5+ Kg6 37.Kg4 Kg7 38.Kh5 Kh7 39.g6+ Kg7 40.Kg5 c6 41.Kh5 Kg8 42.Kh6.** Svartur gaf. Hann á ekkert svar gegn **43. g7** og **44. Rf6.**
**www.skak.is:** Ól undir 16 ára hefst í dag.

**Hvítur á leik**








## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 3 | 9 | | | | 6 | |
| 2 | | | 7 | 4 | 8 | | 9 | 1 |
| 8 | | 4 | | | | | | 2 |
| | | 6 | | 7 | | | | 8 |
| 5 | | | | | | 4 | | |
| | | | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | |
| | 5 | | | 1 | | 2 | 4 | 3 |
| | | 1 | 4 | 5 | | | | 9 |
| | 8 | | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | 8 | | | 9 | 5 |
| 5 | | | 3 | 9 | | 1 | | |
| | | | | | | 7 | 2 | |
| | | | 4 | | 9 | | 8 | |
| | 1 | | 2 | | 5 | | 6 | |
| | 4 | | | 7 | 8 | | | 1 |
| 4 | | 7 | | | | | 1 | |
| | 6 | 3 | | 2 | 7 | | | |
| 1 | 8 | | | | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 4 | | | |
| 8 | | | | 9 | | | 2 | |
| | | 4 | | | | 3 | | 9 |
| | | | 7 | | | 9 | 4 | |
| 9 | | | | | | | | 2 |
| | | 7 | 8 | 1 | | 5 | | |
| 7 | | 9 | 4 | | 2 | | | 8 |
| | 5 | | | 8 | | 4 | | |
| 4 | | | 9 | | 6 | | 3 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausn verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 |
| 8 | 2 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 9 | 4 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 | 2 | 7 |
| 2 | 8 | 5 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 9 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 4 | 2 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 5 | 4 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 9 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 2 | 1 |
| 5 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 8 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



markhönnun ehf

# nettó

# Fyrir ferðalagið




LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÁÐUR: ~~3.129 KR/KG~~
**2.190** KR KG




NEW YORK GRÍSLAUNDIR
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~
**1.592** KR KG




*Hefur þú prófað kengúru á grillið?*

KENGÚRU FILLE
ERLENDAR - FROSNAR
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**2.999** KR KG




LAMBA PRIME
ÁÐUR: ~~4.349 KR/KG~~
**3.479** KR KG



NAUTALUNDIR
ERLENDAR - FROSNAR
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**3.398** KR KG




PEPSI MAX - 4 PK
ÁÐUR: ~~809 KR/PK~~
**739** KR PK




LAMBALÆRI
Í SALTI OG PIPAR
ÁÐUR: ~~1.698 KR/KG~~
**1.358** KR KG



NETTÓ KJÚKLINGUR HEILL
ÁÐUR: ~~849 KR/KG~~
**764** KR KG




KRISTALL - 2 L
MEX. LIME
ÁÐUR: ~~243 KR/PK~~
**199** KR PK




KJÚKLINGALEGGIR
MANGÓ CHILLI GRILL
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~
**798** KR KG




COOP KARTÖFLUBÁTAR
FROSNIR - 800 G
ÁÐUR: ~~479 KR/PK~~
**398** KR PK




KIT KAT CHUNKY 4 PK
4 X 40 G
ÁÐUR: ~~349 KR/PK~~
**299** KR PK

KIT KAT 4 PK
4 X 45 G
ÁÐUR: ~~279 KR/PK~~
**249** KR PK

*Svalandi safi*




PFANNER LÍFRÆNN SAFI - 1 L
GOLD MIXED FRUITS, ROSSO MIXED FRUITS
ÁÐUR: ~~269 KR/PK~~
**215** KR STK

PFANNER SAFI - 1 L
EPLA, APPELSÍNU, ACE, TRÖNUBERJA,
EPLA & MANGÓ, ANANAS & KÓKOS
ÁÐUR: ~~249 KR/PK~~
**199** KR STK




NEKTARÍNUR Í ÖSKJU - 500 G
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~
**209** KR PK

FERSKJUR Í ÖSKJU - 500 G
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~
**209** KR PK

PLÓMUR Í ÖSKJU - 500 G
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~
**209** KR PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 21. – 24. júlí 2016**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Stæði ekki í þessu ef það væri leiðinlegt

**Tuttugasta Reykholtshátíðin hefst á morgun og stendur fram á sunnudag. Fyrstu hljómar hennar eru eftir Vivaldi. Sigurgeir Agnarsson sellóleikari er listrænn stjórnandi hátíðarinnar og heldur um alla spotta.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er ótrúlegur lúxus að fá að skipuleggja Reykholtshátíð – lúxusvandamál má kannski segja, því auðvitað er það mikil vinna en líka einstakt tækifæri,“ segir Sigurgeir Agnarsson sellóleikari glaðlega. Hann er á æfingu með hluta þess hóps sem sér um tónlistarflutning í Reykholti í Borgarfirði alla helgina og kveðst reyndar vera svona altmuglig-maður í sambandi við hátíðina.

Reykholtskórinn mun hefja leikinn annað kvöld með fleiri virtum flytjendum Árstíðanna eftir Vivaldi. Það er borgfirskur kór sem Viðar Guðmundsson organisti heldur utan um, að sögn Sigurgeirs. „Ég held að þetta sé í fyrsta skipti sem kórinn kemur fram formlega á Reykholtshátíð. En nú er 20 ára afmæli hátíðarinnar og mér fannst gráupplagt að fá heimamenn til að taka þátt,“ segir hann.

„Við erum með úrvals hljóðfæraleikara að vanda og á laugardaginn klukkan 16 verða kammertónleikar með yfirskriftinni Bach-Mozart-Boccherini,“ lýsir Sigurgeir og kynnir líka stoltur stórtenórinn Elmar Gilbertsson. „Það var ótrúleg heppni að Elmar var laus á þessum tíma og tilbúinn í þetta verkefni. Hann syngur tvö lög með Reykholtskórnum annað kvöld en aðaltónleikarnir hjá honum og Helgu Bryndísi píanóleikara eru á laugardagskvöldinu, þeir heita Ástir á köldum klaka. Fyrir hlé flytja þau lagaflokk eftir Schumann við ljóð Heine, einn af hápunktum rómantíska tímabilsins. Eftir hlé er svo úrval laga úr Heimskringlu eftir Tryggva M. Baldvinsson við texta Þórarins Eldjárn í útsetningu fyrir salonhljómsveit og útsetningar Þórðar Magnússonar á vel þekktum íslenskum dægurlögum fyrir píanótríó og söngrödd.“

Hátíðarguðsþjónusta verður í Reykholtskirkju klukkan 14 á sunnudag og lokatónleikar helgarinnar klukkan 16. Þá verður frumflutt verk eftir Gunnar Andreas Kristinsson sem er skrifað með Elmar í huga. Sigurgeir segir hefð fyrir að panta nýtt verk fyrir Reykholtshátíð, jafnan fyrir söngrödd. Textarnir hafi tengst höfundarverki Snorra Sturlusonar á einhvern máta. „Þess vegna heitir þetta verk Úr Grímnismálum, það er hluti Eddukvæða.“



Páll Palomares og Vera Panitch fiðluleikarar, Elmar Gilbertsson söngvari, Helga Bryndís við flygilinn, Gunnar Andreas Kristinsson tónskáld, Þórunn Ósk Marinósdóttir með lágfiðlu og Sigurgeir Agnarsson selló. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **ÞAÐ VAR ÓTRÚLEG HEPPNI AÐ ELMAR VAR LAUS Á ÞESSUM TÍMA OG TILBÚINN Í ÞETTA VERKEFNI. HANN SYNGUR TVÖ LÖG MEÐ REYKHOLTSKÓRNUM ANNAÐ KVÖLD EN AÐALTÓNLEIKARNIR HJÁ HONUM ERU Á LAUGARDAGSKVÖLD.**

Þetta er fjórða Reykholtshátíðin sem Sigurgeir sér um, hann tók við af Auði Hafsteinsdóttur fiðluleikara en Steinunn Birna Ragnardóttir píanóleikari hélt um tauminn fyrstu fimmtán árin. „Svona verkefni er eitthvað sem maður getur ekki sagt nei við. Ég væri ekki að standa í þessu ef það væri leiðinlegt,“ segir Sigurgeir hlæjandi og leggur áherslu á að góð stemning sé á æfingum.“

Tónleikar Reykholtshátíðar hafa alltaf verið vel sóttir, að sögn Sigurgeirs. „Heimafólk er hátíðinni hliðholt, styrkir hana á ýmsan máta og mætir, svo er fjöldi fólks í sumarbústöðum í Borgarfirðinum á þessum árstíma og einnig gera sér margir ferð úr borginni. Það er nú bara klukkutíma og korter verið að keyra upp eftir ef ekki er verið að dóla.“

Dagskrá hátíðarinnar má sjá á reykholtshatid.is.

# Hvað var að?

**TÓNLIST**

**Söngtónleikar**

★★☆☆☆

**Lög eftir Ingibjörgu Azimu Guðlaugsdóttur.**
**Flytjendur:** Margrét Hrafnsdóttir, Gissur Páll Gissurarson, Grímur Helgason, Ave Kara Sillaots, Darri Mikaelsson, Gunnhildur Halla Guðmundsdóttir og Gunnlaugur Torfi Stefánsson.
**Listasafn Sigurjóns Ólafssonar**
**Þriðjudaginn 19. júlí**

Í bók Dr. Gunna, Er' ekki allir í stuði? er fjallað um plötu sem mun hafa fengið stystu tónlistargagnrýni sögunnar. Platan hét Er eitthvað að? Gagnrýnin var svona: Já.

Ég ætla að vera margorðari hér. Strax í byrjun fann maður að það var eitthvað mikið að á tónleikum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á þriðjudagskvöldið. Þarna voru flutt lög eftir Ingibjörgu Azimu Guðlaugsdóttur við ljóð eftir Jakobínu Sigurðardóttur í Garði. Þetta voru níu lög og voru í langflestum tilvikum sungin af tveimur söngvurum, þeim Margréti Hrafnsdóttur sópran og Gissuri Páli Gissurarsyni tenór.

Fyrir það fyrsta vöktu lagasmíðarnar upp spurningar. Stíllinn var alþýðlegur, hann hafði sama yfirbragð og ýmislegt eftir Þórunni Guðmundsdóttur og Gunnstein Ólafsson. Nærtækasta dæmið er barnaóperan Baldursbrá eftir þann síðarnefnda. Það út af fyrir sig var auðvitað allt í lagi. Ekkert er að því að semja tónlist í einföldu formi þar sem lögð er áhersla á hið lagræna. En þó hér hafi vissulega heyrst margar melódískar hugmyndir, komust þær ekki á flug. Laglínurnar voru aldrei grípandi, það var enginn innblástur, enginn skáldskapur, ekkert sem hreif mann. Það var eitthvað við lögin sem ekki virkaði.

Flutningurinn var ekki heldur góður. Undirleikurinn var í höndum lítils kammerhóps, og þó hann hafi að mestu verið hinn fagmannlegasti, var hann of sterkur þegar Margrét söng. Fyrir bragðið naut rödd hennar sín ekki. Þar fyrir utan var hún gríðarlega óörugg í hlutverki sínu. Raddbeitingin var ófókuseruð og stundum var hreinlega eins og hún vissi ekki í hvaða tóntegund hún ætti að syngja. Útkoman var ekki ásættanleg.



Ágætlega heyrðist í Gissuri Páli, að sögn dómarans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þess má geta að ég heyrði Margréti syngja á tónleikum á sama stað fyrir einum eða tveimur árum; þá var söngur hennar miklu tilkomumeiri. Það er því ljóst að hún er prýðileg söngkona. Kannski hentaði tónsvið laganna bara ekki rödd hennar.

Gissur Páll var mun betri, það heyrðist ágætlega í honum. Hann hefur þó oft verið magnaðri en þarna. Það vantaði allan sannfæringarkraft í túlkun hans. Hann er samt frábær söngvari í sjálfu sér, en hann á greinilega að syngja annars konar tónlist.

Eins og áður segir spilaði lítill kammerhópur á tónleikunum. Hann samanstóð af klarinettu, harmóníku, sellói, fagotti og kontrabassa. Spilamennskan var oftast ágæt, og þó heyrst hafi of mikið í hópnum var það ekki honum að kenna. Hljóðfæraútsetningarnar voru svo ofhlaðnar að það var eins og þær væru sífellt í samkeppni við söngvarana. Heildarmyndin var óskaplegur hrærigrautur.

Ljóst er að þetta voru ekki góðir tónleikar. Ég held þó að Ingibjörg Azima sé ekki slæmt tónskáld. Hugmyndirnar sem lágu til grundvallar lögunum voru oft áhugaverðar, hún hefði bara þurft að vinna betur úr þeim og hafa í huga að þegar útsetningar eru annars vegar þá er minna oft meira. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Lög eftir Ingibjörgu Azimu Guðlaugsdóttur komu ekki vel út.

# ÓMISSANDI Í ÚTILEGUNA

*Dúndur tilboð í Iceland*

**PEPSI EÐA PEPSI MAX**
**899** kr. pk.
2L - 4 Í PAKKA

**1099** kr. stk.
115 G HAMBORGARAR MEÐ STÓRU BRAUÐI
4 Í PAKKA

**199** kr. stk.
DORITOS 170 G – NACHO CHEESE, COOL AMERICAN OG SWEET CHILLI

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

**OG ALLT HITT FYRIR FULLKOMNA VERSLUNARMANNAHELGI**

Maxi popp
70 g

**99** kr. stk.
Pepsı/Pepsı Max/Appelsín 500 ml

Haribo hlaup
135 g

Appelsín rútan
Appelsín 330 ml dósir 10 pk

**229** kr. stk.
Red Bull
Red Bull sugarfree/Tropical 250ml

Maryland kex

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# BÍÓ



Í einum af aðalhlutverkum myndarinnar er Bryan Cranston sem er einna þekktastur fyrir hlutverk sitt í Breaking Bad.

# The Infiltrator er dæmigerð dópsaga

## Myndin er byggð á sönnum atburðum sem hverfast í kringum sjálfan Pablo Escobar. Ágætis afþreying sem býður upp á lítið nýtt en er þó ekki heimskuleg eða of augljós.

**KVIKMYND**

**The Infiltrator**
★★★☆☆

**Leikstjóri:** Brad Furman
**Handrit:** Ellen Brown Furman
**Byggð á bók eftir Robert Mazur**
**Framleiðandi:** Brad Furman, Miriam Segal og Don Sikorski
**Aðalleikarar:** Bryan Cranston, John Leguizamo, Juliet Aubrey, Diane Kruger og Benjamin Bratt.

The Infiltrator er byggð á sönnum atburðum og segir frá Robert Mazur nokkrum sem er starfsmaður hjá tollinum í Bandaríkjunum á 9. áratugnum og kemst á snoðir um stórtækt peningaþvætti sem sjálfur Pablo Escobar stendur á bak við. Mazur dulbýr sig sem spilltan viðskiptamann til að komast inn í innsta hring glæpaveldis Escobars, en það ber með sér mikla hættu bæði fyrir starf hans og einkalíf.

Hér er fátt nýtt á ferðinni. Við höfum séð svipaða sögu oft áður, t.d. í myndinni Donnie Brasco og hér er að finna margar helstu klisjurnar sem finna má í svona myndum. The Infiltrator mun ekki marka djúp spor í kvikmyndasögunni og skilur í raun lítið eftir sig.

Engu að síður tekst The Infiltrator að vera ágætis afþreying og þótt hún sé klisjukennd og bjóði upp á lítið nýtt er hún ekki heimskuleg eða of augljós. Smá virðing er borin fyrir vitsmunum áhorfenda og margt látið liggja milli hluta. Það helsta sem gerir myndina þó ágætlega áhorfanlega og á köflum nokkuð skemmtilega er að sagan er þrátt fyrir allt lífleg og fjörug, en fyrst og fremst eru það þó leikararnir sem halda myndinni uppi.

Bryan Cranston sýndi í sjónvarpsþáttunum Breaking Bad að þarna væri á ferðinni stórleikari og í raun minnir persóna hans hér um margt á Walter White, (and)hetju Breaking Bad. Mazur lifir sig ansi mikið inn í hlutverkið og sýnir á sér myrkar hliðar, eins og þegar hann niðurlægir þjón fyrir framan konuna sína til að halda andliti fyrir illmennunum (svipaða senu má reyndar líka finna í Donnie Brasco). John Leguizamo er einnig magnaður og skemmtilega ógeðfelldur sem samstarfsmaður Mazurs. Flestir hér standa sig í raun mjög vel, valinn maður er í hverju rúmi og leikararnir setja sterkan heildarsvip á myndina.

Leikstjórinn Brad Furman er enginn rosa stílisti en tekst þó að láta myndina líta ágætlega vel út og hún flæðir yfir höfuð nokkuð vel. Það er mikið af fallegum skotum og vel útfærðum atriðum en það hefði samt verið gaman ef myndin hefði haft meiri „persónuleika“, svo að segja. Hún virkar stundum hálf sjónvarpsleg og vantar aðeins meiri sérstöðu til að hún geti skarað sérstaklega fram úr öðrum svipuðum myndum.

The Infiltrator er í stuttu máli sagt mynd sem tekur litla áhættu og gerir það sem hún á að gera en lítið meira. Hún gæti hafa verið djúp hugleiðing um stöðu og tilgang eiturlyfjastríðsins en í staðinn virkar hún hálf hlutlaus.

**Atli Sigurjónsson**

**NIÐURSTAÐA:** The Infiltrator er ágætlega skemmtileg og vel leikin en hér er ekkert nýtt á ferðinni. Myndin er lítt framúrskarandi í heildina en heldur þó athygli manns ágætlega á meðan hún varir.

## Frumsýningar



**JASON BOURNE**
Spennumynd
Aðalhlutverk: Matt Damon, Tommy Lee Jones, Alicia Vikander, Vincent Cassel og Julia Stiles.
Frumsýnd 27. júlí
IMDb 9,7/10



**BAD MOMS**
Gamanmynd
Aðalhlutverk: Mila Kunis, Kristen Bell, Kathryn Hahn, Christina Applegate og Jada Pinkett Smith.
Frumsýnd 3. ágúst



**SUICIDE SQUAD**
Hasarmynd
Aðalhlutverk: Will Smith, Margot Robbie, Jared Leto, Joel Kinnaman, Viola Davis, Jai Courtney, Cara Delevingne, Adam Beach, Scott Eastwood og Adewale Akinnuoye-Agbaje.
Frumsýnd 3. ágúst



# Landsmót skáta 2016

## – Leiðangurinn mikli



Upplifðu skátaævintýrið í fjölskyldubúðum á Landsmóti skáta

Úlfljótsvatni, fimmtudag til sunnudag, 21.-24. júlí!

Verið velkomin - fjölbreytt dagskrá í boði!













Skátarnir

Allar nánari upplýsingar er að finna á skatamot.is og á facebook.com/jamboree2016

Landsmót skáta 2016 ÚLFLJÓTSVATNI




**98** kr. 145 g
**Maryland Kex**
145 g, 4 tegundir




**98** kr. 40 g
**Pringles Snakk**
40 g




**109** kr. 5 stk.
**Bónus Flatkökur**
170 g, 5 stk.

LÁGT VERÐ ALLA DAGA

0,5L




**98** kr. 500 ml
**Pepsi,** 500 ml
**Pepsi Max,** 500 ml

0,5L




**119** kr. 500 ml
**Pepsi og Pepsi Max**
500 ml




**659** kr. 3 pk.
**Góu Þrenna**
3x200 g

## Orkudrykkur




**59** kr. 250 ml
**ES Orkudrykkur**
250 ml




**179** kr. 591 ml
**Powerade ION4**
591 ml, 3 teg.




**179** kr. 591 ml
**Powerade Zero**
591 ml, 3 teg.

0,5L




**159** kr. 500 ml
**Gatorade Cool Blue**
500 ml

HEIMA

4stk bakkar




**198** kr. 4 stk.
**Heima Grillbakkar**
4 stk.




**398** kr. 1 l
**Heima Uppkveikilögur**
1 lítri

3,5kg




**698** kr. 3,5 kg
**Royal Oak Grillkol**
3,5 kg

## NÝTT Í BÓNUS




**198** kr. pk.
**Trident Tyggjó**
18 stk. í pakka, 3 teg.




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| GHOSTBUSTERS | 5, 8, 10:30 |
| THE INFILTRATOR | 5, 8, 10:35 |
| ÍSÖLD ÍSL TAL | 3:50, 5:50 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | 8 |
| MIKE AND DAVE | 10:25 |




| ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 5:30 - 10:40 |
| STAR TREK BEYOND 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 |
| STAR TREK BEYOND 2D VIP | KL. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 8 - 10:30 |
| ÍSÖLD 5 ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 |
| ÍSÖLD 5 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4:10 - 5:40 |
| THE BFG | KL. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 |
| THE LEGEND OF TARZAN 2D | KL. 6:20 - 8:50 - 10:30 |
| FINDING DORY ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 3:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 1 |
| AKUREYRI | |
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 8 - 10:30 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 10:30 |
| THE BFG | KL. 5:30 |
| THE LEGEND OF TARZAN 3D | KL. 8 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

| EGILSHÖLL | |
|---|---|
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 3 - 8 - 10 |
| STAR TREK BEYOND 2D | KL. 5:30 - 7 - 10:40 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 3 - 8 - 10:40 |
| ÍSÖLD 5 ÍSL TAL 2D | KL. 3 - 5 |
| THE BFG | KL. 5:30 |
| THE LEGEND OF TARZAN 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:20 |
| KRINGLUNNI (NÚMERUÐ SÆTI) | |
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 5:40 - 8:10 - 10:40 |
| STAR TREK BEYOND 2D | KL. 10:20 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| THE BFG | KL. 3:10 |
| ME BEFORE YOU | KL. 8 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 |
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL TAL 3D | KL. 3 |
| KEFLAVÍK | |
| STAR TREK BEYOND 3D | KL. 8 - 10:30 |
| GHOSTBUSTERS | KL. 8 |
| NOW YOU SEE ME 2 | KL. 10:30 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR 950 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1250 Á GRÆNT


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 21. JÚLÍ 2016

### Tónlist

**Hvað?** Gavin James
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Írska söngvaskáldið Gavin James hefur verið að selja sína fyrstu plötu í bílförmum á Írlandi og er núna mættur hingað á eldgömlu Ísafold að spila fyrir okkur frændfólk sitt. Miðaverð á tónleikana er 3.900 krónur og er hægt að næla sér í miða á tix.is.

**Hvað?** Arctic Concerts
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Norræna húsið
Tónleikaröðin Arctic Concerts í Norræna húsinu er og verður í gangi í allt sumar. Nú er röðin komin að Sunnu Gunnlaugsdóttur djasspíanista sem mun spila frumsamið efni auk íslenskra laga ásamt Gunnari Hrafnsyni bassaleikara og Scott McLemore sem ber á trommur. Aðgangseyrir er 2.500 krónur.

**Hvað?** Víkingar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Aðventkirkjan, Reykjavík
Olga Vocal Ensemble mætir til landsins eins og síðastliðin fjögur ár. Í þetta sinn verður víkingaþema hjá þessum raddfögru drengjum og vafalaust mikið fjör í Aðventkirkjunni í kvöld. Miðaverð er 1.500 – 2.500 krónur.

**Hvað?** Jón Bjarnason – Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Jón Bjarnason organisti er gríðarlega stórtækur í starfi sínu en hann spilar á orgel í einum tíu kirkjum í uppsveitum Árnessýslu, geri aðrir betur. Hann ætlar meðal annars að leika verk eftir Messiaen og Bach en einnig eigin útsetningar á íslenskum sálmum.

**Hvað?** DJ Intro
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið
DJ Intro Beats hefur verið fastagestur á Prikinu síðan fyrir aldamót, svei mér þá. Hann er öllum krókum og kimum kunnugur þarna inni og veit nákvæmlega hverslags tónlist á að spila til þess að fólkið sem þangað mætir skemmti sér almennilega. Það er aldrei að vita hvað Addi ákveður að spila – hann er jafnvígur á house og hiphop og hefur einnig verið þekktur fyrir að vaða inn á alls konar framandi tónlistarslóðir.



Vök spilar á Húrra ásamt EinarIndra í kvöld. Þetta mega þeir sem hafa áhuga á íslenskri tónlist ekki láta fram hjá sér fara.

**Hvað?** Vök og EinarIndra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Vök hefur verið að gera það gott upp á síðkastið og ferðaðist meðal annars um Evrópu fyrir ekki svo löngu þar sem þau spiluðu í níu löndum á stuttum tíma. Með þeim kemur fram EinarIndra og spilar ljúfa elektróníska tóna. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**Hvað?** Kvöldstund í tali og tónum með Hjörleifi Valssyni og Jónasi Þóri
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Það verður alveg hrikalega kósý í Iðnó í kvöld þegar Hjörleifur Valsson fiðluleikari og Jónas Þórir píanóleikari spila allt milli himins og jarðar. Það kostar 3.500 krónur inn og auðvitað verður hægt að kaupa sér vínglas eða eitthvað til að maula.

**Hvað?** Barokkbandið Brák og Blóðheitu Ítalirnir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skálholtskirkja
Ítalskir stuðtónleikar í boði Brákar þar sem Vivaldi, Caldara, Locatelli og fleiri verða í algjöru aðalhlutverki.

**Hvað?** Saumur – útgáfuhóf
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi
Saumur er útgáfa frá þeim Arve Henriksen, Hilmari Jenssyni og Skúla Sverrissyni. Þessu verki hefur verið líkt við mjúkt teppi, það er ekki leiðinlegt. Þarna verður ýmislegt í boði svo sem sýning á myndum sem Sara Riel gerði fyrir útgáfuna, vídeóverk eftir hinn belgíska Nicolas Kunysz og lifandi tónlist. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Tónleikar/sögustund Sinead Kennedy
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Alþýðuhúsið á Siglufirði
Fiðluhetjan Sinead Kennedy hefur dvalið hér á landi í sumar og ætlar að spila nokkur írsk lög og spjalla við áhorfendur og segja sögur.

**Hvað?** Magnús Leifur og Andri Ásgrímsson
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Loft
Magnús Leifur spilar með bandi en hann er um þessar mundir að leggja lokahönd á sólóplötu. Andri Ásgrímsson verður með kassagítarinn að spila einn. Ókeypis inn.

**Hvað?** Dægurlagadraumar
**Hvenær?** 2 0.00
**Hvar?** Havarí, Karlsstöðum í Berufirði
Íslensk dægurlög verða í hávegum höfð á þessari skemmtun í Berufirði. Aðgangseyrir er 2.500 krónur.

### Sýningar

**Hvað?** Kvikmyndadagskrá: Nýtt líf í teiknimyndum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Kvikmyndasýning á nokkrum teiknimyndum sem eiga vissa samleið í umfjöllunarefni. Þetta eru fimm stuttar myndir sem eru sýndar í röð og gildir miði inn á safnið á sýninguna.

**Hvað?** Elemental
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Listastofan, Hringbraut 119
Aishling Muller opnar sýningu sína í Listastofunni í kvöld. Þarna verða ljósmyndir, vídeóverk og fleira í boði og þemað hjá henni er náttúran.

**Tónleikaröðin Arctic Concerts er í fullum gangi í Norræna húsinu.**



### Bæjarhátíðir

**Hvað?** Eldur í Húnaþingi
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hvammstangi
Í dag heldur veislan áfram á Hvammstanga. Það sem er í boði þennan daginn er meðal annars brasilískt jiu-jitsu, bátaferðir, brúðuleikhús, jóga, borðtennis, sundlaugarpartí og tónleikar.

**Hvað?** Reykhóladagar
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Reykhólar
Bátabíó og bátasprell er meðal þess sem er í boði á þessum bátadegi á Reykhóladögum – en þeir verða í gangi fram eftir helgi. Dagurinn endar svo með meistara Bjartmari Guðlaugs sem mun trúbba í Bjarkalundi og það kostar lítinn 1.500 kall þangað inn.

**Hvað?** Franskir dagar
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Fáskrúðsfjörður
Það er bókstaflega allt að gerast á Fáskrúðsfirði í dag og kvöld. Hjólreiðakeppnin Tour de Fáskrúðsfjörður verður í gangi, leikhópurinn Lotta mun sjá um sprellið og síðan verður þetta allt toppað með vínilplötukvöldi í Templaranum.

**Hvað?** Mærudagar
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Húsavík
Mærudagar á Húsavík hefjast í dag sem er mikið gleðiefni. Í boði þennan fyrsta dag er fótboltaleikur, hagyrðingakvöld, ljósmyndasýning og svo miklu fleira.

# 25% AFSLÁTTUR AF JEVA OG EXPLORE SKÓLATÖSKUM

## FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM*

21. - 27. JÚLÍ

**14.624 kr.**
Verð áður: 19.499 kr.



**11.249 kr.**
Verð áður: 14.999 kr.



**11.249 kr.**
Verð áður: 14.999 kr.



**11.249 kr.**
Verð áður: 14.999 kr.



**11.249 kr.**
Verð áður: 14.999 kr.



**11.249 kr.**
Verð áður: 14.999 kr.



**11.249 kr.**
Verð áður: 14.999 kr.



**11.249 kr.**
Verð áður: 14.999 kr.



**14.624 kr.**
Verð áður: 19.499 kr.



ARNASYNIR

*Þú skráir þig í A4 klúbbinn á a4.is eða í næstu A4 verslun. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Allt vöruframboð má finna á a4.is.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4
SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.50 Tommi og Jenni**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Jamie's 30 Minute Meals**
**10.45 Höfðingjar heim að sækja**
**11.00 Gulli byggir**
**11.40 Lífsstíll**
**12.05 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Crimson Field** Vönduð bresk þáttaröð frá BBC. Sagan gerist í fyrri heimsstyrjöldinni og aðalsöguhetjurnar eru læknar, hjúkrunarkonur og sjúklingar í sjúkrabúðum breska hersins í Frakklandi. Hjúkkurnar þurfa að sinna mönnum sem koma særðir, bæði á líkama og sál, úr skotgröfunum.
**13.55 Belle**
**15.45 Make Your Move**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Íþróttir**
**19.10 Friends**
**19.30 The New Girl** Fimmta þáttaröðin um Jess og sambýlinga hennar. Jess er söm við sig, en sambýlingar hennar og vinir eru smám saman að átta sig á þessari undarlegu stúlku, sem hefur nú öðlast vináttu þeirra allra. Með aðalhlutverk fara Zooey Deschanel, Jake Johnson og Damon Wayans Jr.
**19.55 Ég og 70 mínútur**
**20.30 Save With Jamie**
**21.20 Person of Interest** Fimmta þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamann sem leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
**22.05 Tyrant**
**22.55 Containment**
**23.40 Lucifer**
**00.25 Peaky Blinders** Þriðja syrpan af þessum vönduðu þáttum sem gerast í Birmingham á Englandi árið 1919 og fjalla um harðsvírað glæpagengi sem ræður þar ríkjum en það er glæpaforinginn Thomas Shelby sem fer þar fremstur í flokki.
**01.25 X-Company**
**02.10 NCIS. New Orleans**
**02.50 Fast & Furious**
**04.35 Belle**

### SPORT

**07.25 UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016**
**09.05 Goðsagnir efstu deildar**
**09.55 Copa America 2016**
**13.00 Pepsí deildin 2016**
**14.50 Pepsímörkin 2016**
**16.20 Goðsagnir efstu deildar**
**17.05 UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar**
**18.45 Premier League World 2015/2016**
**19.15 Markaþáttur Pepsí deildar kvenna**
**20.00 Sumarmótin 2016**
**20.40 NBA 2015/2016 - Final Games**
**23.25 UFC Now 2016**
**00.15 Premier League World**
**00.45 Markaþáttur Pepsí deildar kvenna**

### STÖÐ 3

**17.40 Raising Hope**
**18.05 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.50 Margra barna mæður**
**20.20 Hið blómlega bú**
**20.55 Burn Notice**
**21.40 Legit**
**22.05 NCIS. New Orleans**
**22.50 Fóstbræður**
**23.20 Entourage**
**23.45 Margra barna mæður**
**00.15 Hið blómlega bú**
**00.50 Burn Notice**
**01.35 Legit**
**02.00 Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Ofurhundurinn Krypto**
**07.25 Strumparnir**
**07.47 Stóri og litli**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Ævintýraferðin**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**10.00 Kalli á þakinu**
**10.25 Lína langsokkur**
**10.48 Hvellur keppnisbíll**
**11.00 Ofurhundurinn Krypto**
**11.25 Strumparnir**
**11.47 Stóri og litli**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Ævintýraferðin**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**14.00 Kalli á þakinu**
**14.22 Lína langsokkur**
**14.45 Hvellur keppnisbíll**
**15.00 Ofurhundurinn Krypto**
**15.25 Strumparnir**
**15.47 Stóri og litli**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Ævintýraferðin**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**18.00 Kalli á þakinu**
**18.22 Lína langsokkur**
**18.45 Hvellur keppnisbíll**
**19.00 Ævintýraeyja Ibba**



**Svampur Sveinsson kl. 09.24, 13.24 og 17.2418.00**

### GOLFSTÖÐIN

**08.15 Golfing World 2016**
**09.05 The Open Championship 2016**
**12.45 Golfing World 2016**
**13.35 Marathon Classic**
**15.25 Marathon Classic**
**18.40 2016 Players Official Film**
**19.35 Inside The PGA Tour 2016**
**20.00 RBC Canadian Open**
**23.00 UL International Crown**

### BÍÓSTÖÐIN

**10.00 Jersey Boys**
**12.10 Beethoven's Treasure Tail**
**13.45 He's Just Not That Into You**
**15.55 Jersey Boys**
**18.10 Beethoven's Treasure Tail**
**19.50 He's Just Not That Into You**
**22.00 We're the Millers** Hressileg gamanmynd frá 2013 með Jennifer Aniston og Jason Sudeikis. Myndin fjallar um marijúanasala sem fær bláókunnugt fólk til að þykjast vera eiginkona hans, dóttir og sonur, til að hjálpa sér að smygla farmi af marijúana yfir landamæri Mexíkó til Bandaríkjanna. Myndin er eftir handritshöfundana Bob Fisher og Steve Faber sem skrifuðu meðal annars The Wedding Crashers.
**23.50 In a World...**
**01.25 Wild Card** Í þessum spennutrylli leikur Jason Statham spilafíkil sem ákveður að snúa við blaðinu eftir að hafa tapað öllu í spilavítum Las Vegas. Hann hefur áhuga á að gerast verndari þeirra sem eiga undir högg að sækja en þegar milljónamæringurinn Cyrus Kinnikk ræður hann sem lífvörð fara hlutirnir að gerast.
**03.00 We're the Millers**

### RÚV

**17.05 Violetta**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Eðlukrúttin**
**18.15 Best í flestu**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Vinur í raun**
**20.00 Síðasti tangó í Halifax**
**20.55 Hraunið**
**21.45 Íslenskar stuttmyndir: Hótel Jörð**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð**
**23.05 Indian Summers**
**23.50 Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**00.35 The Catch**
**01.20 How To Get Away With Murder**
**02.05 Chicago Med**
**02.50 Satisfaction**
**03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.15 The Late Late Show with James Corden**
**04.55 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 America's Next Top Model**
**09.45 Got to Dance**
**10.35 Pepsi MAX tónlist**
**12.50 Dr. Phil**
**13.30 Telenovela**
**13.55 Survivor**
**14.40 Twins**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Cooper Barrett's Guide to Surviving Life**
**20.15 BrainDead**
**21.00 The Catch**
**21.45 Zoo**
**22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Harper's Island**

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





**ÉG OG 70 MÍNÚTUR**
Frábær skemmtiþáttur þar sem Auðunn Blöndal rifjar upp helstu og skemmtilegustu atriðin úr þessum vinsælu þáttum. Hver man ekki eftir falinni myndavél, ógeðsdrykkjum og kvikindislegum áskorunum!

FRÁBÆRT **FIMMTUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is** 365

**SAVE WITH JAMIE**
Sjónvarpskokkurinn og sjarmörinn Jamie Oliver sýnir okkur hvernig á að elda ljúffengan og girnilegan mat á ódýran hátt. Stórskemmtilegir matreiðsluþættir!



**PERSON OF INTEREST**
Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður taka höndum saman um að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



**TYRANT**
Þriðja serían af þessum hörkuspennandi þáttum um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.




**CONTAINMENT**
Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er settur í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu.



**WE'RE THE MILLERS**
Hressileg gamanmynd um eiturlyfjasala sem fær bláókunnugt fólk til að hjálpa sér að smygla farmi af marijúana yfir landamæri Mexíkó til Bandaríkjanna.



**HIÐ BLÓMLEGA BÚ**
Árni Ólafur Jónsson eldar fjölbreytta rétti úr íslensku hráefni sem byggjast á matarhefð landsins í bland við nútíma matreiðslu.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


WORLD TOUR 2016
ELDBORG
10. ÁGÚST
SNARKY
PUPPY
new orleans
MIÐASALA Á HARPA.IS – TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50

# NÚ ER TÍMINN!

## SKJÓLVEGGUR OG PALLUR




## PALLALEIKUR BYKO

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. JÚNÍ - 19. ÁGÚST 2016.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

*Vertu með!*

Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi frá 22. júlí.




## GAGNVARIN FURA

*Klárum málið!* 0% VAXTALAUST LÁN

### PALLURINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058324 | 27x95 mm. | 1.890 kr./m² | 189 kr./lm* |
| | | Almennt verð: 2.150 kr./m² / 215 kr./lm* | |
| 0058325 | 27x120 mm. | 1.960 kr./m² | 245 kr./lm* |
| 0058326 | 27x145 mm. | 2.178 kr./m² | 325 kr./lm* |

*4,5 m og styttra.

### SKJÓLVEGGURINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058252 | 22x45 mm. | 94 kr./lm | |
| 0059253 | 22x70 mm. | 156 kr./lm | |
| 0058254 | 22x95 mm. | 166 kr./lm* | Almennt verð: 185 kr./lm. |
| 0058255 | 22x120 mm. | 247 kr./lm | |

### GRIND OG UNDIRSTAÐA

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058502 | 45x45 mm. | 182 kr./lm* | |
| 0058504 | 45x95 mm. | 271 kr./lm* | Almennt verð: 295 kr./lm. |
| 0058506 | 45x145 mm. | 485 kr./lm* | |
| 0059954 | 95x95 mm. | 629 kr./lm* | Almennt verð: 715 kr./lm. |

## LERKI

alheflað



27x117 mm
4.391 kr./m² 535 kr./lm.
Almennt verð: 4.879 kr./m² / 595 kr./lm*
0053265

27x143 mm
5.338 kr./m²
785 kr./lm.
0053266

## BANGKIRAI

harðviður með rásum



19x90 mm
815 kr./lm.
0039479

21x 145 mm
9.347 kr./m²
1.395 kr./lm.
0039481

90x90 mm
3.552 kr./lm.
0039484

## PLASTPALLAEFNI

Viðhaldslítið og sýruþolið. Enginn fúi, sveppa- og mygluþolið, springur ekki.

BRÚNT, LJÓSGRÁTT EÐA DÖKKGRÁTT,



23x146 mm, 3,6 m
3.895 kr./stk.
0039510/14/20

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboð á pallaefni gilda til og með 25.júlí eða á meðan birgðir endast. Sjá nánar um vaxtalaus lán á byko.is.

byko.is

**REIKNAÐU ÚT EFNISMAGN Í GIRÐINGUNA OG PALLINN Á BYKO.IS**



ÚTSÖLULOK
ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM HELGINA
• 20% BOSCH RAFMAGNSVERKFÆRI • 20% ÁLTRÖPPUR OG STIGAR
• 20% HÁÞRÝSTIDÆLUR • 25% JÁRNHILLUR • 30% INNI- OG ÚTILJÓS
• 25% VINNUFATNAÐUR OG ÖRYGGISSKÓR • 40% BLÓMAPOTTAR
• 30% BLÓM, TRÉ OG RUNNAR • 40% LEIKFÖNG • 30% GARÐHÚSGÖGN
• 30% TIMBURBLÓMAKASSAR • 50% MARKÍSUR • 20-40% ÁBURÐUR
• 20% BENSÍNSLÁTTUVÉLAR • 25-50% RAFMAGNSSLÁTTUVÉLAR
• 30-40% REIÐHJÓL OG REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR • 30% HEKKKLIPPUR, GREINAKURLARAR OG KEÐJUSAGIR • 25-50% BENSÍNSLÁTTUORF
ÚTILEGUVÖRUR
-20%
-40%
PARTÝTJÖLD
-40%
STÓLL plast, hvítur, samanbrjótanlegur.
2.997 kr.
41615998
Almennt verð: 4.995 kr.
OUYAO
MEIRI LÆKKUN
-50%
BENSÍNSLÁTTUORF BC139, fjórgengismótor, 0,7 kW.
14.998 kr.
53323120
Almennt verð: 29.995 kr.
Einhell
RAFMAGNS-SLÁTTUVÉL GC-EM 1030 1000 W.
-50%
7.497 kr.
74830020
Almennt verð: 14.995 kr.
MEIRI LÆKKUN
BLÁKRAFTUR, alhliða áburður, 10 kg.
1.395 kr.
55095039
Almennt verð: 2.325 kr.
BLÁKRAFTUR, 25 kg, einkorna
3.537 kr.
55095160
Almennt verð: 5.895 kr.
-40%
MEIRI LÆKKUN
FERÐATÖSKUR
-30%
KERRA með loki, 180x120 cm.
167.995 kr.
79290202
Almennt verð: 239.995 kr.
-30%
AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# Nafnlaus rannsókn á öllum kimum mannsheilans

**kef LAVÍK** er spennandi og dularfull hljómsveit skipuð tveimur Hornfirðingum sem vilja ekki koma fram undir nafni. Þeir segjast vilja rannsaka það ljóta í mannskepnunni í tónlist sinni og gáfu nýlega út Vesæl í kuldanum, síðasta púslið í þriggja hluta konsept-verki.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is





Þeir í kef LAVÍK vilja ekki tengja eigin persónu við efnistök tónlistar sinnar og koma því fram nafnlausir. MYND/BJÖRN RÚNARSSON

*Hverjir eru í kef LAVÍK og hver er saga ykkar?* „Við erum tveir Hornfirðingar sem höfum verið að dytta að kef LAVÍK frá árinu 2013. Við höfum samt gert tónlist með hléum síðan við vorum um 11 ára. Við erum núna tvítugir. Ég held að tónlistina sem við gerðum fyrir kef LAVÍK sé hvergi að finna, nema bara í smá skömmtum einhvers staðar í dýpstu og ógeðslegustu kimum internetsins.

Við byrjuðum verkefnið kef LAVÍK haustið 2013. Þá gerðum við þrjú lög ef ég man rétt. Þau hétu Á bak við bringuna mína, Haus á spjóti og síðan Í sjálfum mér, sem er hingað til vinsælasta lagið okkar. Þá fóru ýmsar hugmyndir á flug, við gerðum hin og þessu lög en gáfum ekkert út fyrr en árið 2015 þegar við höfðum fullþróað hugmynd um þriggja hluta konsept-verk.“

*Geturðu lýst þessu verki ykkar?* „Við gefum sem sé Kuldinn er finn út vorið 2015, sjö laga smáskífu sem vakti ágætis lukku. Við gáfum út aðra sjö laga smáskífu, Lifum alltaf, um áramótin 2015-2016. Dagsetningin 31. desember hefur ákveðið listrænt gildi fyrir verkið og við vorum voðalega ánægðir með þetta allt saman. Lifum alltaf vakti sömuleiðis ágætis viðbrögð. Viðbrögðin eru þó voðalega hófleg, sem ég tel ósköp eðlilegt miðað við hve „avant-garde“ við virðumst í augum sumra.

Núna vorið 2016 gáfum við svo út Vesæl í kuldanum. Skammstafanir smáskífnanna mynda staðarheitið Keflavík í heild sinni og smáskífurnar hefjast á kuldanum og enda í kuldanum. Það er vegna þess að allar smáskífurnar eru að segja sögu sem hefst í Keflavík og endar í Keflavík. Þetta er heildstætt verk.“

*Hvernig myndir þú flokka tónlista ykkar? Hverjir og hvað eru helstu áhrifavaldarnir í tónlistar- og textagerð?* „Ég kallaði kef LAVÍK einhvern tímann póstmódern rafpopp, sem ég held að sé nákvæmasta lýsing á tónlistinni sem fæst. Við reyndum að hafa smáskífurnar þrjár skemmtilegar og grípandi þrátt fyrir að hafa aðeins dimmari og tilfinningaþrungnari undirtóna: Hæðni, reiði, smæð og svakalegt þunglyndi svo eitthvað sé nefnt. Við viljum í rauninni líta á verkið sem einhvers konar kortlagningu tilfinninga og atburða yfir nokkur ár í gegn um lýsingar og samtöl.

**MITT MAT ER AÐ ÞEGAR VIÐ VIÐURKENNUM ALHEIMSSÁRSAUKANN, SMÆÐINA, REIÐINA OG EIGINGIRNINA SEM VIÐ FINNUM STUNDUM MINNKI LÍKURNAR UMTALSVERT Á AÐ SLÍKAR TILFINNINGAR BRJÓTIST ÚT MEÐ OFBELDI.**

Þannig þjóna fyrstu tvær smáskífurnar sem eins konar lýsing á umhverfinu, kynning, skrautið á sviðinu á meðan sú þriðja lýsir sér frekar eins og samtölin sem síðan eiga sér stað á sviðinu.

Við viljum skipta upp helstu áhrifavöldum eftir því sviði tónlistarinnar sem þeir hafa áhrif á. Hvað varðar lögin sjálf sækjum við innblástur í nýrri bylgjur af rafpoppi og r&b tónlist; mínímalískt, þungt en jafnframt þægilegt, t.d. James Blake, dvsn og Nao.

Hvað varðar textagerð sækjum við síðan í tónlistarmenn eins og Joanna Newsom og síðan skáld eins og William Faulkner og Þórberg Þórðarson: Skáld sem leyfa umhverfinu og stílnum að umbreytast í tjáningu og öfugt.“

*Þið viljið ekki koma fram undir nafni, hvers vegna er það?* Í upphafi kef LAVÍK var ekkert ákveðið varðandi nafnleynd eða önnur atriði varðandi framkomu hljómsveitarinnar. Eftir því sem leið á verkefnið höfum við ekki fundið fyrir vilja til að kvitta undir þetta. Ég vil að kef LAVÍK geti sagt og búið til persónuleg, ógeðsleg, ljót og falleg listaverk án þess að þurfa endilega að hafa nafn eða eitthvert dýr í búrinu sem hlustendur geta horft á, bent á og sagt „þessum líður svona“. Ég held að það vilji oft vera þannig að listamenn hérlendis geti ekki farið í dýpstu og ógeðslegustu tilfinningarnar sínar án þess að verða fyrir einhvers konar áreiti, allt vegna smæðar landsins.

Það er nefnilega þannig að ég held að allir séu fullir af óöryggi, mannvonsku, barnalegri frekju, sjálfhverfu og tilfinningum sem við tölum ekki um vegna þess að það gæti valdið veseni. Ég ímynda mér að í gegnum huga flestra hafi flogið sjálfsmorðshugsanir, tilhneigð til ofbeldis, eigingirni og alls konar ógeð sem við að sjálfsögðu gröfum niður og skömmumst okkar fyrir í stað þess að tala um eða takast á við. Það eru eðlileg viðbrögð þegar samfélagið afmanneskjuvæðir þá sem viðurkenna slíkar tilfinningar og hleypa þeim út, til dæmis með list.

Mitt mat er að þegar við viðurkennum alheimssársaukann, smæðina, reiðina og eigingirnina sem við finnum stundum minnki líkurnar umtalsvert á að slíkar tilfinningar brjótist út með ofbeldi.“

*Hvað er síðan fram undan hjá ykkur?* „Við erum núna að semja smáskífuna Lög um að ríða og/eða nota fíkniefni þar sem við viljum fanga einmitt þær tilfinningar og leyfa fólki að tengja við þær. Við viljum hafa þetta jafn viðurstyggilegt, ömurlegt og gullfallegt og mannsheilinn sjálfur er.“

## Bannað að tala um vinnunna og allir verða að dansa

„Það eru reglur og aðalreglurnar eru þær að þú verður að dansa og mátt ekki tala um vinnuna þína,“ segir Ásrún Magnúsdóttir um dansviðburðinn Lunch Beat sem rís úr dvala í dag. Í slagtogi með Ásrúnu er plötusnúðurinn Símon fknhndsm sem sér um að þeyta skífum.

Fyrir þá sem þekkja ekki fyrirbærið þá er um að ræða eins konar hádegisviðburð sem á rætur sínar að rekja til ársins 2010 í Svíþjóð en Lunch Beat snýst einfaldlega um það að fólk komi saman í hádeginu og dansi. Líkt og áður kom fram eru reglurnar einfaldar og segir Ásrún tilganginn meðal annars vera að gleyma stund, stað og daglegu amstri.

„Nei, bara helst ekki,“ segir Ásrún og hlær þegar hún er spurð að því hvort áhugasamir þurfi að kunna eitthvað fyrir sér í danslistum til þess að vera gjaldgengir á viðburðinn. Hún segir alla eiga að geta mætt og skemmt sér í dag en viðburðurinn stendur yfir í klukkutíma og hefst klukkan 12.00.

Herlegheitin fara fram á svölum Petersen-svítunnar í Gamla bíói. Aðgangur er ókeypis eru allir velkomnir. - gló



Símon og Ásrún vilja sjá alla dansa á svölum Petersen-svítunnar í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## Út með þessar axlir!












the PIER
GLÆSILEGT ÚRVAL
Á PIER.IS
20% AFSLÁTTUR
Sunday þriggja sæta sófi
Áður 149.900,- NÚ 119.920,-
Stærð: 238x90xH82 cm
Litir: Dökk- og ljósgrár
PRINT skilrúm
Áður 14.990,- NÚ 11.992,-
Stærð: 120x2.5xH180 cm.
20% AFSLÁTTUR
ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
20–70% AFSLÁTTUR*
*GILDIR EKKI AF NÝJUM VÖRUM
30% AFSLÁTTUR
Roatan papasan stóll
Áður 39.900,- NÚ 27.930,-
Stærð: D102xH74 cm.
20% AFSLÁTTUR
Hojai bekkur
Áður 19.990,- NÚ 15.992,-
Stærð: 100x30xH54 cm.
Paple borð - stærra
Áður 29.900,- NÚ 23.920,-
Stærð: 53xH45 cm.
20% AFSLÁTTUR
3 FYRIR 2 AF PÚÐUM
Verð frá 1.990,-
30% AFSLÁTTUR
Paple borð - minna
Áður: 19.990. NÚ: 15.992.
Stærð: 43xH34.5 cm.
Emmen stóll
Áður 79.900,- NÚ 55.930,-
Stærð: 75x80xH86 cm.
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Gæða BAKSTUR SÍÐAN 1993
ÖMMUBAKSTUR

## Hlutastarf

**Gæðabakstur / Ömmubakstur auglýsir eftir morgunhressum einstaklingi í helgar-/ hlutastarf við áfyllingar í verslunum.**

**Um er að ræða 2x helgar í mánuði (aðra hverja helgi) með möguleika á fleiri vöktum ef viðkomandi vill meiri vinnu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið:**
Áfyllingar í verslunum
Eftirlit með framstillingum í verslunum
Vinnutími er frá ca. 07:00 - 13:00

**Hæfniskröfur:**
- Skrifa og tala íslensku
- Bílpróf
- Góð skipulagsfærni
- Stundvísi, reglusemi og sveigjanleiki
- Góð mannleg samskipti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Snyrtimennska
- Líkamlega hraust/hraustur

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist fyrir 26. júlí 2016 á netfangið umsokn@gaedabakstur.is**




BYLGJAN 30 ÁRA 989



Glowie lék í myndbandinu ásamt bestu vinkonum sínum sem hefur eflaust verið mikil skemmtun. MYND/SAGA SIG

# Skiptir öllu að hafa trú á sjálfri sér

**Glowie** gefur út tónlistarmyndband á morgun við lagið No Lie. Með leikstjórn fór Saga Sig. Í haust ætlar Glowie að kynna afrakstur erfiðisins í Bandaríkjunum í von um að koma sér á framfæri þar.

Á morgun mun söngkonan Glowie, eða Sara Pétursdóttir, gefa út tónlistarmynd við lagið No Lie sem hefur ómað á flestum útvarpsstöðvum landsins í allt sumar. Eins og allt annað sem Glowie gerir hefur lagið slegið í gegn en hún heldur upp á það með því að gefa út sitt allra stærsta myndband til þessa. „Það er heilmikil vinna sem er búin að fara í þetta. Ég fékk hugmyndina þegar við vorum að semja lagið. Þetta er algjört draumamyndband fyrir mig, retróstíll og mjög sumarlegt. Ég vildi sýna minn stíl og hver ég er.“

Saga Sig leikstýrir tónlistarmyndbandinu en Glowie segir samstarfið hafa gengið vel þar sem þær voru nánast sammála í einu og öllu. „Það var æðislegt að vinna með Sögu. Við vorum sammála um nánast allt. Það sem við erum með svipaðan stíl þá vissi hún hvernig þetta ætti að vera og útkoman er ótrúlega flott. Myndbandið er ekki í takt við textann, enda fjallar hann um strák sem er alltaf að ljúga að mér. En í staðinn fyrir að væla um það í myndbandinu og vera væmin vildi ég frekar eiga geðveikan dag með vinkonum mínum og líta frekar út fyrir að vera of „cool“ til að hugsa um einhvern strák.“

Stíliseringin er ansi skemmtileg en um hana sá Stella Björt Bergmann Gunnarsdóttir. „Meirihlutinn af fötunum í myndbandinu kom bara beint úr fataskápnum hennar Stellu eða úr Spúútnik. Stíllinn er alveg gjörsamlega retró alla leiðina í gegn og ég fíla það ótrúlega vel. Þetta er „old school“ og töff.“

Það er óhætt að segja að Glowie hafi smalað saman sínu nánasta fólki við gerð myndbandsins en vinkonur Glowie leika með henni í myndbandinu og kærastinn hennar klippir það. „Það var fáránlega gaman að leika í myndbandinu með bestu vinkonum sínum. Svo skemmir ekki fyrir að vera að fínpússa og klára það með kærastanum.“

**„ÉG ER VONGÓÐ FYRIR HAUSTINU EN ÉG VEIT AÐ ÞAÐ MUN ALDREI NEITT GERAST NEMA ÉG TRÚI SJÁLF Á ÞAÐ.“**
Glowie



Afraksturinn má berja augum á Kexi Hosteli annað kvöld klukkan 21.00 en þá verður myndbandið frumsýnt. Í framhaldinu mun Glowie og teymi hennar senda það til Bandaríkjanna á stóru plötufyrirtækin. „Ég er vongóð fyrir haustinu en ég veit að það mun aldrei neitt gerast nema ég trúi sjálf á það. Ég veit ekki hvort eitthvað gerist núna í ár eða eftir nokkur ár en ég veit að það mun einhvern tímann gerast. Ég hef trú á mér.“

gunnhildur@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# LAGERSALA



21.júlí - 26.júlí

ALLT AÐ **80%** AFSLÁTTUR



**KALDI** -50%

HERRA GOLFBUXUR
**Verð nú kr. 6.990**
Verð áður kr. 13.990



**BLÁSA** -68%

DÖMUPEYSA
**Verð nú kr. 5.990**
Verð áður kr. 18.990



**FREISTA** -80%

DÖMU GOLFPEYSA
**Verð nú kr. 4.990**
Verð áður kr. 24.990



**SKJÓL** -47%

HERRAPEYSA
**Verð nú kr. 9.990**
Verð áður kr. 18.990



**YLJA** -50%

BARNAPEYSA
**Verð nú kr. 5.990**
Verð áður kr. 11.990



**BIRTA** -50%

HERRA POLOBOLUR
**Verð nú kr. 4.990**
Verð áður kr. 9.990

## OPNUNARTÍMI
21.júlí - 26.júlí

Virka daga
12:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 18:00

# FACTORY STORE

Nýbýlavegi 6 • 200 Kópavogi • Sími: 412 5869

ZO•ON ICELAND

www.zo-on.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Tómasar Þórs Þórðarsonar




## Enginn var fáviti

Árið 2016 er árið sem allt breyttist hjá mér. Hluti af því er að víkka sjóndeildarhringinn og það gerði ég um daginn þegar ég skottaðist austur með tveimur vinum mínum og fór á Eistnaflug. Nú þarf eiginlega að gera smá pásu þannig að vinir mínir geti hlegið, því þeir sem þekkja mig vita að ég hef ekki snefils áhuga á þungarokki.

Yfirskrift Eistnaflugs er Ekki vera fáviti. Eins og á flestum úti- og tónlistarhátíðum er bannað að valda náunganum skaða. Reiknað er með að þú fáir þér vel í glas og einhverjir þurfa sterkari efni til að lifa af kvöldið. Það er ekki vel séð en er raunveruleikinn sem við búum við.

Það merkilega er að allir gestir hátíðarinnar fara eftir þessum einkennisorðum, að vera ekki fáviti. Ekki ein slagsmál brutust út og samkvæmt lögreglunni var aðeins eitt fíkniefnamál. Þarna eru allir komnir til að skemmta sér og það ekki á kostnað annarra.

Ég átta mig fyllilega á því að töluvert fleiri gestir eru á Þjóðhátíð í Eyjum en á Eistnaflugi og líkurnar á veseni eru töluvert meiri. En miðað við fréttir síðustu ára virðist vesenið alveg ótrúlega mikið sama hversu mikið lögreglustjórinn á eyjunni fögru vill líta fram hjá hlutunum. Árlega eru menn barðir sundur og saman og ávallt koma upp kynferðisafbrot, sem er ömurlegt.

Einhvern veginn hélt ég, fullur af fordómum, að risavaxnir karlmenn, klæddir í leður, málaðir eins og handlangarar skrattans og nýbúnir að hlusta á Misþyrmingu eða Auðn væru hættulegir. Þvert á móti. Það virðist vera að vel snyrti gaurinn í hlýrabolnum með glóstikkið og Vodka Ice í hönd í Eyjum sé sá hættulegi. Þú þarft að vera ansi spes týpa til að vera í barsmíðagír eftir að hlusta á Ingó Veðurguð syngja fyrir þig Lífið er yndislegt.

Þetta er einfalt: Ekki vera fáviti.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

BAKVAKTIN
Skyndileg bak- og hálsvandamál
S. 822-1575
Dr. Eyþór Kristjánsson, sjúkraþjálfari
Sérfræðingur í stoðkerfinu.


